

Grunur um kynferðislega misnotkun á hrossum

Matvælastofnun hefur kært meinta kynferðislega misnotkun á tveimur hrossum til lögreglu. Eigandi hrossanna segir lögregluna telja málið alvarlegt.

SAMFÉLAG „Það er hálf óraunhæft að einhverjum detti þetta í hug,“ segir Silja Unnarsdóttir, einn eigenda hryssanna tveggja sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á milli jóla og nýárs. Silja er dýralæknir og áttaði sig fljótt á því hvernig í pottinn var búið þegar hún kom í hesthúsið.

Matvælastofnun hefur kært til lögreglu meinta kynferðislega misnotkun á tveimur hrossum. Á vettvangi fannst meðal annars tómur brúsi undan sleipiefni.


Eiginmaður Silju kom og vitjaði um hrossin að morgni þriðjudagsins 27. desember. Þá sá hann kassa innst í einni stíunni sem átti ekki að vera þar. Hann fjarlægði kassann úr stíunni og kláraði morgunverkin. Um kvöldið þegar hann kom á ný að sinna kvöldverkunum var kassinn kominn aftur inn í stíu. Brúsi undan sleipiefni fannst svo í hesthúsinu en búið var að tæma hann. Greinilegt var að sögn Silju að brúsinn hafði verið fullur. „Það voru svo ummerki um sleipiefni á tveimur

Það er hálf óraunhæft að einhverjum detti þetta í hug.

Silja Unnarsdóttir, eigandi hrossanna og dýralæknir

hryssum. Hvað gerðist nákvæmlega veit ég auðvitað ekki.“

Samkvæmt tilkynningu frá MAST gáfu ummerki á staðnum tilefni til að rannsaka hvort brotið hefði verið gegn ákvæðum dýravelferðarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við dýr. Silja segir að lögreglan hafi komið á staðinn um leið og ljóst var hvað hafði átt sér stað og líti málið alvarlegum augum. — bb



Í lausu lofti „Þetta er töluvert mikið gler,“ segir Sigurbjörn Gestur Sævarsson, sigmaður hjá Sigmönnum ehf., en hann sést hér vinstra megin á myndinni. Hægra megin er Ingvar kollegi hans. Á hvert þarf að þrifa glugga Hörpunnar bæði að innan og utan. Sigurbjörn og félagar þrifa glugga í um 45 daga árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kampavínsvísitalan upp

SAMFÉLAG Kampavínsneysla Íslendinga jókst um 37 prósent á milli árána 2015 og 2016 sé mið tekið af sölutölum ÁTVR. Salan hefur ekki mælst meiri síðan árið 2008 en hún féll um helming á milli árána 2008 og 2009 við efnahagshrunið.

ÁTVR seldi 8.877 lítra af kampavíni á síðasta ári en söluhæstu dagarnir eru eftir sem áður rétt fyrir áramót.



Íslendingar eru engu að síður langt frá neyslu sinni á kampavíni eins og hún var mest árið 2007. Þá seldust nærri 16 þúsund lítrar af víni sem er algjört metár í sögu ÁTVR. Til gamans hefur stundum verið miðað við svokallaða kampavínsvísitölu til að meta efnahagsástand og hagvöxt landa.

— snæ / sjá síðu 6



Söluhömlum á bréfum Símans var aflétt í byrjun árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Símabréf til sölu

VÍÐSKIPTI Fjárfestahópurinn sem keypti fimm prósent hlut í Símanum í umdeildri sölu Arion banka í ágúst 2015 getur nú selt bréfin. Söluhömlum var aflétt 1. janúar en við opnun markaða þann dag nam gengi hlutabréfa Símans 3,13 krónum. Virði þeirra hafði þá hækkað um 24 prósent síðan hópurinn keypti þau á geginu 2,518.

Arion banki var harðlega gagnrýndur fyrir sölu enda fékk hópurinn að kaupa bréfin í lokuðu söluferli. — hg / sjá síðu 12

Fréttablaðið í dag



SKOÐUN Almar Guðmundsson skrifar um gos. **18**

SPORT Sigurgöngu Chelsea lauk í gær eftir tap fyrir Tottenham. **32**

MENNING Hannes Óli Ágústsson sá eitt sinn föður sinn í kvenmannsfötum. **38**

LÍFID Vinsælustu leikföngin síðustu 30 ár. **46**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Flóridana
LIFDU VEL

4BLS
BÆKFLINGUR
Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlöð 2


SMÁRALIND

ÚTSALA
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

50%

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Veður



Miklir umhleyningar verða í veðrinu næstu daga. Skil gengu austur yfir landið í nótt og í dag með sunnanhvasviðri eða stormi. Sums staðar mikil rigning sunnan- og vestanlands, en úrkomu-minna norðaustan til. **SJÁ SÍÐU 36**



Vaxandi vandi er í málefnum flóttamanna í Sýrlandi. MYND/GETTY

Mest för til Sýrlands

SAMFÉLAG Á árinu 2016 námu heildarframlög Íslands til mannúðaraðstoðar um 770 milljónum króna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu. Þar af voru 500 milljónir króna af sérstöku framlagi sem samþykkt var í ríkisstjórn haustið 2015 og síðar í fjárlögum á Alþingi 2016 um að verja allt að einum milljarði króna til að bregðast við vaxandi vanda í málefnum flóttamanna í kjölfar átakanna í Sýrlandi.

Framlög til mannúðaraðstoðar skiptast á milli borgarasamtaka, 175 milljónir króna, og alþjóðastofnana, 595 milljónir króna.

Utanríkisráðuneytið veitir árlega styrki til íslenskra borgarasamtaka sem starfa á sviði mannúðaraðstoðar. Íslensk stjórnvöld reida sig meðal annars á borgarasamtök til að koma mannúðaraðstöð sinni til skila og er styrkjum vegna mannúðaraðstoðar ætlað að svara alþjóðlegum neyðarköllum allt árið um kring.

Í júní voru tæpar 90 milljónir króna veittar sérstaklega til sex verkefna til að bregðast m.a. við flóttamannastraumnum sem átökin í Sýrlandi hafa leitt af sér og í Eþíópíu og Malaví.

Á árinu fór stærstur hluti af framlögum í mannúðaraðstöð vegna afleiðinga átakanna í Sýrlandi. Einnig voru veitt framlög vegna jarðskjálftans í Ekvador og fellibylsins sem gekk yfir Haítí. – **bb**

Sungið af innlifun fyrir heimilisfólk Hrafnistu



Sópraninn Guðrún Ingimarsdóttir söng af innlifun fyrir íbúa Hrafnistu í Reykjavík í gær en sumir þeirra tóku sig til og sungu með líkt og hér sést. Undanfarna daga hefur Guðrún farið ásamt tenórnum Elmari Gilbertssyni og undirleikaranum Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur milli heimila Hrafnistu og sungið ýmsar ariur fyrir heimilisfólkið. Vínartónleikarnir í gær voru þeir fjórðu það sem af er ári hjá þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/R/STEFÁN



Unnið var að því að kæla bílinn fyrir frekari skoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYPÓR

Eldur kviknaði í sendibíl á ferð

LÖGREGLUMÁL Eldur kom upp í sendibíl neðan við Ártúnsbrekku í gær og skemmdist hann nokkuð en bílstjórann sakaði ekki.

Að sögn bílstjórans kom eldurinn upp aftan við stýrishúsið er sendibíllinn var á ferð. Upptökin voru enn ekki ljós er Fréttablaðið bar að garði enda var þá enn verið að kæla bílinn eftir brunann svo hægt væri að skoða hann nánar. Töldu menn hugsanlegt að leki hafi komið að olíuleiðslu og síðan hafi kviknað í olíunni. – **gar**

Allt í hnút hjá skátum

Opinn fundur hjá skátum í Garðabæ í gær hvetur skátahöfðingja og varaskátahöfðingja til að segja af sér vegna framgöngu þeirra í eineltismáli og uppsagnar.

FÉLAGSSTARF Miklar væringar hafa verið innan skátahefinginnar undanfarið. Milli jóla og nýárs lýstu fyrrverandi skátahöfðingi og núverandi stjórnarmaður hjá Bandalagi íslenskra skáta, Ólafur Proppé, vantrausti á bæði Braga Björnsson skátahöfðingja og Friði Finnu Sigurðardóttur varaskátahöfðingja. Það gerði Ólafur í bréfi sem hann kvað sér „siðferðislega skylt“ að senda til félagsforingja og annarra leiðtoga skátastarfs á landinu.

Í bréfinu lýsir Ólafur aðdraganda þess að meirihluti stjórnar Bandalags íslenskra skáta ákváð 13. desember að segja Hermanni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra bandalagsins, upp störfum.

„Allt málið tengist langvarandi samskiptavanda Braga og Hermanns. Á þeim samskiptavanda ber Bragi meginábyrgð sem gerandi og sem leiðtogi hreyfinginnar. Ástæður Braga og meirihluta stjórnar BÍS fyrir uppsögninni eru, að mínu mati, léttvægar og byggðar á sandi,“ segir Ólafur meðal annars í bréfi sínu.

Ólafur bendir einnig á að á árinu sé fram undan stærsti viðburður sem skátar á Íslandi hafa staðið frammi fyrir, sem er afar stórt alþjóðlegt skátamót hérlendis. „Er hætt við að umræddur gerningur meirihluta stjórnar á vafasömum forsendum geti haft neikvæð áhrif á framkvæmd þessa stóra viðburðar og skátastarf á Íslandi á næstu mánuðum.“

Hafdis Bára Kristmundsdóttir, félagsforingi Vífils í Garðabæ, boðaði til opins fundar um málefni skátahöfðingjans síðastliðið mánudagskvöld. Þar samþykktu 45 fundarmenn vantraust á Braga og Friði Finnu og skoruðu á þau að segja af sér „vegna framgöngu þeirra í eineltismáli innan skátafélagsins Ægisbúa og við brottvikningu framkvæmdastjóra BÍS“. Eineltis-



Frá stjórnarfundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Okkur þykir miður að þeir sem skrifuðu undir yfirlýsinguna skuli ekki hafa gefið sér tíma til að biða eftir þeim fundi þar sem fyrir liggur að það á að fara yfir gögnin í kringum starfslok framkvæmdastjórans og meðferð eineltismála á fundinum

Yfirlýsing frá stjórn BÍS

málið sem vísað er til tengist bróður skátahöfðingjans sem sagður er vera gerandi í því máli.

Enn fremur skoraði fundurinn á stjórnir skátafélaga að krefjast aukaskátaþings til að fjalla um vantraustsmálið.

Stjórn BÍS fundaði í gærkvöld en mál þetta var þar ekki á dagskrá. Í tilkynningu sem stjórnin sendi til Fréttablaðsins skömmu áður en það fór í prentun kom fram að efni fundarins hafi verið undirbúningur félagsforingjafundar sem er á dagskrá 14. janúar.

„Okkur þykir miður að þeir sem skrifuðu undir yfirlýsinguna skuli ekki hafa gefið sér tíma til að biða eftir þeim fundi þar sem fyrir liggur að það á að fara yfir gögnin í kringum starfslok framkvæmdastjórans og meðferð eineltismála á fundinum,“ segir enn fremur í tilkynningunni. gar@frettabladid.is

ÚTSALA

25-50%

afsláttur

aðeins í nokkra daga

Grillbúðin www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400 Ópið virka daga 11-18 - Gamlársdag 10-12

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ÚTSALA



Kringlan

Af öllu hjarta

OPIÐ TIL

21

Í KVÖLD

facebook.com/kringlan.is
kringlan.is



Hörður Ágísson

Hörður ritstjóri Markaðarins

VIÐSKIPTI Hörður Ágísson hefur verið ráðinn viðskiptaritstjóri Fréttablaðsins. Hörður er með MA í hagfræði og alþjóðastjórnarmálum frá Johns Hopkins School of Advanced International Studies í Washington DC. Hann hefur verið viðskiptaritstjóri DV síðustu tvö ár en starfaði þar á undan sem viðskiptablaðamaður á Morgunblaðinu.

Þá hefur Haraldur Guðmundsson verið ráðinn viðskiptablaðamaður. Hann er stjórnmalafraeðingur með meistaraáráðu í Evrópufræðum frá Háskólanum í Árósum. Hann starfaði síðast sem blaðamaður á DV en þar á undan á Fréttablaðinu og á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Við þessar breytingar hefur Hafliði Helgason, ritstjóri viðskipta- og efnahagsmála, látið af störfum. Fréttablaðið óskar honum velfarn- aðar á nýjum vettvangi.



Haraldur Guðmundsson

Skiluðu leyfi til Orkustofnunar

ORKUMÁL Ekki þykir ástæða til að halda áfram olíuleit á hluta Dreka- svæðisins. Af þeim sökum skiluðu sérleyfishafar inn rannsóknarleyfi til Orkustofnunar í síðasta mánuði. Leyfið hafði verið gefið út 4. janúar 2013 eða fyrir fjórum árum.

Í tilkynningu frá Orkustofnun vegna málsins kemur fram að Ithaca, Petero og Kolvetni hafi safnað 1.000 kílómetrum af endurkastsgögnum á svæðinu síðastliðið sumar. Túlkun þeirra á gögnunum leiddi til þeirrar niðurstöðu að ekki væri ástæða til að halda áfram rannsóknunum á svæðinu.

Annað leitarleyfi er í gildi á nærliggjandi svæði. Þar leitar CNOOC International að mögulegu jarðefnaeldsneyti. Aðstæður þar eru gjörólíkar því sem fyrrnefndu félögin þrjú bjuggu við að því er fram kemur í tilkynningu Orkustofnunar. – jóe

Borgin innheimti afgreiðslugjald án lagaheimildar

STJÓRNSÝSLA Reykjavíkurborg innheimti gjald fyrir svör við spurningum um gildandi deiliskipulag án þess að hafa til þess neina lagaheimild. Þetta kemur fram í álitum umboðsmanns Alþingis sem birt var í gær.

Kvartandi hafði verið í samskiptum við borgina til að fá því svarað hvort fyrirhuguð bygging hans á bílskúr myndi rúmast innan núgildandi deiliskipulags. Í kjölfar þeirra beið hans greiðsluseðill í heimabanka upp á 10.500 krónur. Kom þá í ljós að borgin rukkaði það

gjald fyrir það eitt að svara fyrirspurnum. Eftir þessi samskipti við borgina var afraðið að kvarta til umboðsmanns.

Í niðurstöðu umboðsmanns kemur fram að samkvæmt orðalag gjaldskrár Reykjavíkurborgar, og gjaldtökuheimildar í skipulagslögum, væri ljóst að gjaldtakan tæki til erinda sem lytu að breytingum á gildandi skipulagi. Hins vegar væri engin heimild til að innheimta gjald ef aðili hefði ekki óskað eftir breytingum á gildandi skipulagi.



Gjaldið nam 10.500 krónum. Þeim tilmælum var beint til borgarinnar að endurgreiða hið ólöglega gjald. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var því niðurstaða umboðsmanns að óheimilt hefði verið að krefjast þess að umrætt afgreiðslugjald yrði innt af hendi. Beindi hann

þeim tilmælum til borgarinnar að hún endurgreiddi gjaldið og að hún tæki í framtíðinni mið af þeim sjónarmiðum sem fram kæmu í álitinu. – jóe

Benedikt í fjármálaráðuneytið

Ráðherra í nýrri ríkisstjórn verður ekki fjölgað en Sjálfstæðisflokkurinn mun taka helming embættanna. Viðreisn og Björt framtíð skipta hinum á milli sín. Enn unnið að því að klára viðræðurnar í vikulokin.

STJÓRNMÁL Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, sækist eftir því að verða fjármálaráðherra í ríkisstjórnarsamstarfi flokksins með Sjálfstæðisflokki og Bjartri framtíð, fari svo að flokkunum takist að mynda stjórn.

Viðræður milli flokkanna héldu áfram í gær en fundi forystumanna flokkanna lauk á sjötta tímanum í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er enn unnið út frá áætlun um að klára þær fyrir lok vikunnar.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði við fjölmiðlamenn þegar hann fékk umboð frá forseta Íslands til þess að mynda stjórn að gengið væri út frá því að hann yrði forsætisráðherra. Búist er við því að Óttarr Proppé og Björt Ólafsdóttir verði ráðherrar fyrir Bjarta framtíð. Ekki liggur fyrir hvaða ráðherraembættum þau sækjast eftir. Hins vegar liggur fyrir að innan þingflokksins er áhugi fyrir því að flokkurinn taki að sér annars vegar atvinnuvegaráðuneytið og hins vegar umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er vinna flokkanna þriggja að stjórnarsáttmála vel á veg komin og til stöð að hefja umræður um skiptingu ráðuneyta milli flokka í gær eða í dag. Visir greindi frá því í gær að Sjálfstæðisflokkurinn myndi fá fimm ráðherra, Viðreisn þrjá og Björt framtíð tvo. Þá mun Sjálfstæðisflokkurinn fá forseta Alþingis. Ekki er búist við því að ráðuneytum verði fjölgað en hugsanlegt er að verkefni verði flutt til milli ráðuneyta.

Þingflokkur Bjartrar framtíðar hefur einungis á að skipa fjórum þingmönnum. Verði tveir þeirra ráðherrar liggur fyrir að einungis tveir þeirra geta tekið sæti í nefndum þingsins. Rætt hefur verið um það að ráðherrar flokksins afsali sér



Formaðurinn Benedikt Jóhannesson verður einn þriggja ráðherra Viðreisnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þá þingmennsku. Búist er við því að ákvörðun um þetta verði tekin í dag eða á allra næstu dögum.

Þingflokkur Viðreisnar telur sjö þingmenn en eins og áður segir herma heimildir fréttastofu að flokkurinn hljóti þrjú ráðherra-

embætti. Heimildir Fréttablaðsins herma að formaður Viðreisnar, Benedikt Jóhannesson, sækist af ákafa eftir fjármálaráðuneytinu. Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að Þorsteinn Víglundsson og Þorgerður Katrín Gunnars-

dóttir, þingmenn flokksins, sækist líka eftir ráðherraembættum af fullum þunga. Þó sé ekki útilokað að Hanna Katrín Friðriksson hljóti eitt af þessum þremur ráðherraembættum.

jonhakon@frettabladid.is



Heilsutjútt 4.-15. janúar

Nýtt ár – ný markmið! Settu heilsuna í fyrsta sæti árið 2017

Skóðuðu fjölda tilboða á heilsuvörum í bæklingi Lyfju eða í vefverslun á lyfja.is

www.lyfja.is



ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR

**SÚPER
ÚTSALA**
 HÚSASMÍÐJUNNAR

SÚPER ÚTSALAN ER HAFIN


FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR Á SÚPER AFSLÆTTI

FLÍSAM 30-60% • BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR & HANDÞEYRARAR (ELECTROLUX) 30%
RYKSUGUR 20-30% • BLANDARAR 25-45% • PARKET 30% • LJÓS 30-50%
BLÖNDUNARTÆKI (DAMIXA) 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20-40%
HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • HÁPRÝSTIDÆLUR 30%
MÁLNING 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 25% • VINNUSKÓR 25-40%
HNÍFAPÖR, MATARSTELL & GLÖS 25% • POTTAR, PÖNNUR & BÖKUNARVARA 30%
PLASTKASSAR 25-50% • ÚTIVISTARFATNAÐUR (TRUE NORTH) 30% • JÓLAVÖRUR 50-70%
GJAFAVARA 25-50% • KERTI & GERVIBLÓM 30% • POTTAPLÖNTUR 30-50%
INNIHURÐIR 20-40% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!



TILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU
ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



www.bilaland.is



Rnr. 121039

FORD Mondeo Titanium.
Nýskr. 08/12, ekinn 67 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.990 þús. kr.

TILBOÐ 2.290 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 121040

HYUNDAI i30 Comfort Wagon.
Nýskr. 12/09, ekinn 130 þ.km,
bensín, beinskíptur.
Verð áður: 1.490 þús. kr.

TILBOÐ 990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 143579

NISSAN Qashqai SE.
Nýskr. 11/13, ekinn 81 þ.km,
dísil, beinskíptur.
Verð áður: 2.940 þús. kr.

TILBOÐ 2.490 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 143381

HYUNDAI ix35 Comfort.
Nýskr. 04/15, ekinn 30 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.290 þús. kr.

TILBOÐ 3.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 283664

RENAULT Megane Berlina.
Nýskr. 07/13, ekinn 42 þ.km,
dísil, sjálfskíptur.
Verð áður: 2.390 þús. kr.

TILBOÐ 1.690 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152361

TOYOTA Proace GX.
Nýskr. 12/13, ekinn 78 þ.km,
dísil, beinskíptur.
Verð áður: 3.290 þús. kr.

TILBOÐ 2.590 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kaupúni 1


bilaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

Allt á floti



Lægðarsvæðið Axel gekk yfir Þýskaland, Svíþjóð og Danmörku í gær og fyrradag með miklum vatnavöxtum. Það má glöggst sjá á þessari mynd frá Hamborg en gamla fiskmarkaðsbyggingin sést hér umlukin vatni. Danir bjuggu sig undir að vatnsborð í kringum Danmörku gæti hækkað um allt að tvo metra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Neysla á kampavíni nálkast góðærisárin

Íslendingar hafa ekki keypt meira kampavín frá hrúni. Neyslan er samt hálf-drættingur á við söluhæsta ár ÁTVR á kampavíni sem var árið 2007. Sala á freyðivíni almennt eykst einnig en ekki jafn mikið. Í takt við aukna neyslu.

VIÐSKIPTI Kampavínsneysla Íslendinga jókst um 37 prósent á milli árána 2015 og 2016 sé mið tekið af sölutölum ÁTVR. Salan hefur ekki mælst meiri síðan árið 2008 en hún féll um helming á milli árána 2008 og 2009 við efnahagshrunið.


ÁTVR seldi 8.877 lítra af kampavíni á síðasta ári en söluhæstu dagarnir eru eftir sem áður rétt fyrir áramót. Að jafnaði er hver flaska 750 millilítrar sem þýðir að á árinu seldu vínbúðirnar 11.836 flöskur af víninu. Sala á freyðivíni jókst einnig, um þrettán prósent, og var á síðasta ári ríflega 126 þúsund lítrar.

Íslendingar eru engu að síður langt frá neyslu sinni á kampavíni eins og hún var mest árið 2007. Þá seldust nærri 16 þúsund lítrar af víninu sem er algjört metár í sögu ÁTVR. Til gamans hefur stundum verið miðað við svokallaða kampavínsvísitölu til að meta efnahagsstöðu og hagvöxt landa.

Hrafn Steinarsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir að aukningin sé í takt við aukna neyslu Íslendinga. Aukinn kaupmáttur Íslendinga geti verið orsök þess að meira kampavín seljist nú en áður, þar sem um mikla munaðarvöru sé að ræða.

Í annál greiningardeildar Arion banka fyrir síðasta ár er engu að síður kastað fram þeirri kenningu að ný tegund af Íslendingi sé komin fram á sjónarsviðið, það er sparsamur þjóðfélagsþegn. Þessu til stuðnings er bent á að einkaneysla hefur ekki aukist til jafns við kaupmátt einstaklinga. Þá hefur sparnaður Íslendinga aukist.

■ Sala á kampavíni í lítrum 2001–2016



■ Aukning á sölu milli ára



„Það er komin fram ný tegund af Íslendingi sem er þessi sparsami. Það eru rök á móti því að þessi kampavínssala sé að endurspegla góðæri umfram það sem við eigum inni,“ segir Hrafn.

„Kampavín og fleira er kannski að aukast í sölu en hagtölur eru samt að sýna aukinn sparnað. Þetta er allt töluvert heilbrigðara en í síðustu hagsveiflu.“

Til marks um þetta má benda á að eyndarvísitala Arion banka sýnir að eynd á Íslandi hefur sjaldan verið minni og hríðfallið frá hrúni. Vísitalan er fengin með því að leggja saman atvinnuleysi og verðbólgu á hverjum tíma. Kannski minni eynd fjölgi tilefnum Íslendinga til að skála í kampavíni við hvert tækifæri.

snaeros@frettabladid.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STÓRSÝNING TOYOTA

HELGINA 7.–8. JANÚAR FRUMSÝNUM VIÐ TOYOTA C-HR
kl. 12–16 hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi



TOYOTA
C-HR

Í FULLKOMNU FLÆÐI

Verð frá: 3.940.000 kr.

Hjá Toyota Reykjanesbæ og Toyota Selfossi er aðeins opið á laugardag

Komdu og finndu af eigin raun hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið og skoðaðu um leið alla glæsilegu Toyota-fjölskylduna.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



James Lighthizer verður viðskiptafulltrúi Bandaríkjanna í stjórn Donalds Trump. NORDICPHOTOS/AFP

Trump tekur inn Lighthizer

BANDARÍKIN Donald Trump, sem tekur við forsetaembætti í Bandaríkjunum eftir rúmar tvær vikur, hefur ákveðið að James Lighthizer verði viðskiptafulltrúi Bandaríkjanna.

Viðskiptafulltrúi er veigamikil embætti í bandarískri stjórnsýslu og jafnast á við mikilvægustu ráðherraembættin.

Lighthizer var aðstoðarviðskiptafulltrúi í forsetatíð Ronalds Reagan. Hann hefur svipaðar skóðanir og Trump á alþjóðaviðskiptum. Báðir hafa þeir miklar efasemdir um alþjóðlega friverslunarsamninga og báðir leggja þeir mikla áherslu á að vera fastur fyrir þegar kemur að milliríkjavíðskiptum Bandaríkjanna við önnur ríki, ekki síst ríki á borð við Mexíkó og Kína, sem þeir telja hafa fært sig um of upp á skaftið.

Með því að velja Lighthizer sýnir Trump að hann ætli ekkert að gefa eftir í þessum efnunum. – gb



Warren Buffett hefur það ágætt. MYND/GETTY

Buffett græðir vel

VIÐSKIPTI Milljarðamæringurinn Warren Buffett græddi að meðaltali 32,2 milljónir dala á dag eða 3,6 milljarða allt árið 2016, samkvæmt útreikningum Bloomberg. Hann gaf góðgerðarsamtökum hlutabréf fyrir 2,6 milljarða dollara í júlí síðasta sumar en þrátt fyrir það aukast auðæfi hans. Þrátt fyrir andstöðu sína gegn Donald Trump í forseta kosningum Bandaríkjanna segir Dr. Brian Klaas, prófessor í hagfræði, að milljarðamæringar eins og Buffett muni græða vel á kosningu Trumps. „Verkamen munu ekki njóta góðs af stefnu Trumps heldur viðskiptamógular,“ segir hann í samtali við breska blaðið Independent. Buffett er annar ríkasti maður heims á eftir Bill Gates. – bb

Ísraelskur hermaður sakfelldur

ÍSRAEL Ísraelskur hermaður var sakfelldur í gær af ísraelskum dómstól fyrir að hafa orðið Palestínumanni að bana í mars í fyrra.

Hermanurinn, sem er tvítugur og heitir Elor Azaria, skaut Palestínumanninn þar sem hann lá hreyfingarlaus á götu í borginni Hebron á Vesturbakkanum.

Hann segist hafa talið að Palestínumaðurinn hafi getað verið með sprengjuvesti. Saksóknarar í málinu sögðu hann hins vegar hafa verið að hefna sín á Palestínumanninum, sem var 21 árs og hét Abdul Fatah al-Sharif. Sharif hafði ásamt jafnaldra

sínum, Ramzi Aziz al Qasrawi, veitt öðrum ísraelskum hermanni hnifstungusár. Þeim hafi tekist að stinga Ísraelann, en var svarað með byssu- skotum frá ísraelsku hermönnum. Báðir Palestínumennirnir særðust en um fimmtán mínútum síðar skaut Azaria á Sharif þar sem hann lá hreyfingarlaus á götunni. Það skot varð honum að bana.

Málið hefur vakið miklar deilur í Ísrael þar sem sitt sýnist hverjum. Yfirstjórn Ísraels hers segir framferði hermansins alls ekki samræmast þeim reglum sem hermenn eiga að fara eftir. – gb



Ísraelski hermaðurinn Elor Azaria ásamt foreldrum sínum og unnustu áður en hann var sakfelldur í Tel Aviv í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Árásarmaðurinn hundeltur um alla Evrópu en finnst ekki

Tugir manna handteknir í Tyrklandi vegna skotárásarinnar á nýársnótt. Þar á meðal er fjölskylda meints árásarmanns, margir á barnsaldri. Allir sagðir tengjast Íslamska ríkinu. Árásarmaðurinn barðist í Sýrlandi.

TYRKLAND Tyrkir hafa handtekið um 40 manns í tengslum við fjöldamorðin í næturklúbba í Istanbul á nýársnótt. Stjórnvöld segja hina handteknu alla tengjast hryðjuverkasamtökunum Íslömsku ríki, en á meðal hinna handteknu eru um tuttugu manns á barnsaldri, níu drengir og ellefu stúlkur.

Þrjár fjölskyldur, sem allar eru sagðar tengjast árásarmanninum, eru meðal hinna handteknu. Flestir hinna handteknu eru frá Túr- kistan, Dagestan og Kirgistan, en árásarmaðurinn sjálfur er sagður vera frá Kirgistan.

Þá segjast tyrknesk stjórnvöld hafa borið kennsl á árásarmanninn. Hann er sagður 28 ára gamall og hafa komið til Tyrklands frá Sýrlandi.

Hann var enn ófundinn í gær, en honum tókst að komast burt frá skemmtistaðnum í Istanbul á nýársnótt eftir að hafa myrt þar 39 manns og sært um sjöttu.

Í nóvember síðastliðnum var hann staddur í bænum Konja ásamt eiginkonu sinni og tveimur börnum. Hann hafði leigt sér hús þar.

Eiginkona hans sagðist í viðtali við tyrkneska dagblaðið Hurriyet ekkert hafa vitað af því að maður sinn hafi hrifist af boðskap Íslamska ríkisins, hvað þá að hann hafi framið þetta vodaverk.

„Ég frétti af árásinni í sjónvarpi,“ sagði hún.

Tyrkneskir fjölmiðlar segja hann heita Lakhe Mashrapov og hafa barist með vígasveitum Íslamska ríkisins í Sýrlandi, meðal annars í götubardögum. Hann sé því vel þjáfaður í vopnaburði.

Stjórnvöld hafa birt myndband sem hann tók af sjálfum sér þar sem hann gekk um á Taksimtorgi í



Borgarstjórnar stjersta stjórnanarandstöðuflokks Tyrklands minnstu hinna látnu með því að leggja blóm á gangstéttina fyrir utan næturklúbbinn Reina í Istanbul. NORDICPHOTOS/AFP

Istanbul innan um almenning. Ekki er ljóst hvort þetta myndband var tekið upp áður en hann hélt inn á skemmtistaðinn Reina til að drepa fólk eða eftir að hann var búinn að því.


Íslamska ríkið, eða Daish, lýsti yfir ábyrgð á hryðjuverkinu strax á mánudaginn, en þetta mun vera í fyrsta sinn sem þessi samtök segja hreint út að maður á þeirra vegum hafi framið árás af þessu tagi.

gudsteinn@frettabladid.is

» Tyrknesk stjórnvöld eru sögð hafa borið kennsl á árásarmanninn.

11

stúlkur eru meðal hinna handteknu í Tyrklandi.



Árásarmaðurinn tók myndband af sjálfum sér nálægt árásstaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Grunsamleg merki berast úr geimnum

GEIMURINN Í fyrsta sinn hafa stjörnufræðingar staðsett uppruna útvarpsblossa – skammlífra en öflugra útvarpsmerkja – í stjörnuþöku. Þeir endast í aðeins nokkra þúsundustu hluta úr sekúndu og hafa valdið stjörnufræðingum heilabrotum í nokkra áratugi. Síðan 2007 hafa borist 18 slík merki en aðeins eitt hefur borist oftan en einu sinni.

„Með því að nota sjónauka sem staðsettir eru víða um heim vitum við að þessar sendingar koma frá stjörnuþöku sem er í þriggja milljarða ljósára fjarlægð frá jörðinni,“ segir Shami Chatterjee, stjörnufræðingur við Cornell-háskóla í samtali við AFP-fréttaveituna. Greint var frá tíðindunum á fundi stjarnfræðinga sem fram fer í Texas.


Áður hafði stjörnufræðinga skort sannaðir fyrir því að merkin væru upprunnin utan Vetrarbrautarinnar.

Það á enn eftir að vinna mikla vinnu. En að finna út hvaðan merkin koma er stórt skref í átt að lausn þessarar gátu.

Victoria Kaspi, eðlisfræðiprófessor

Stjörnuþokan hefur innan við eitt prósent af massa vetrarbrautarinnar og þykir vísindamönnum það merkilegt staðreind. En þó að vísindamenn viti hvaðan merkin koma er enn eftir að greina frá því hvað þau eru.

„Það á enn eftir að vinna mikla vinnu. En að finna út hvaðan merkin koma er stórt skref í átt að lausn þessarar gátu,“ segir Victoria Kaspi eðlisfræðiprófessor en hún fer fyrir alþjóðlegu liði sem sér um rannsóknina. – bb



Sjónaukar víða um heim gátu náð að staðsetja útvarpsblossa í stjörnuþöku sem er í þriggja milljarða ljósára fjarlægð. MYND/GETTY

KRÓNAN

Vitamin Boomba!

-25%

now

EVE

Softgels

2248 kr. stk.

Now Eve fjölvitamin fyrir konur, 90 töflur

Verð áður 2297 kr. stk.



5.-14. janúar

KOMBÓTILBOÐ

RANCH

Kjúklingur og beikon

+ 0,5 l Plús og
Alpen súkkulaði*

1089 KR.



* Þú velur þinn uppáhalds Plús og þitt uppáhalds Alpen.



Þú velur salat,
vefju eða bát



quiznos.is



HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:

NORÐLINGAHOLTÍ · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
MJÓDD · GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ

LANDSBYGGÐIN:

BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
KEFLAVÍK · SELFOSSI · HELLU



Fleiri fá húsaleigubætur, starfslok verða sveigjanlegri og skrá þarf Airbnb-íbúðir

Ný lög tóku í gildi um áramótin sem takmarka heimildir lögreglu til að hlera almenning. Minni skattur verður tekinn af almenningi en nú þarf að skrá allar Airbnb-íbúðir, vilji maður ekki fá sekt upp á allt að einni milljón króna. Fréttablaðið dró saman helstu breytingar.

STJÓRNSÝSLA Um hver áramót gengur í gildi fjöldi nýrra laga sem samþykkt hafa verið á Alþingi á árinu eða árunum þar á undan. Þessi lög geta haft veruleg áhrif á líf Íslendinga og budduna, án þess að breytingarnar séu sérstaklega kynntar almenningi.

Fréttablaðið hefur hér gert tilraun til að draga saman þau lög sem kunna að hafa áhrif á almenning og tóku gildi nú um áramótin. Ekki er alveg um tæmandi lista að ræða en reynt er að stikla á því helsta sem Íslendingar kunna að finna fyrir á árinu sem nú gengur í garð.

Kerfisbreytingar í félagsmálum

Í fyrsta lagi tóku í gildi ný lög um almannatryggingar nú um áramótin. Ofan á almenna hækkun ellilífeyris sem kemur til um hver áramót hefur orðið kerfisbreyting á kerfinu sem hækkar bæturnar enn frekar. Fréttablaðið fjallaði um hluta þessara breytinga þegar fjárlagafrumvarpið var kynnt í byrjun desember. „Það mun vonandi nást saman við hagsmunasamtök öryrkja til að gera samþæfingar breytingar fyrir öryrkja. Ég hef mikla sannfæringu um að ný ríkisstjórn hljóti að breyta kerfi örorkubóta líka,“ segir Eygló

Ég hef mikla sannfæringu um að ný ríkisstjórn hljóti að breyta kerfi örorkubóta líka.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra



» Einstaklingar hafa heimild til að leigja heimili sitt út í 90 daga á ári og að hámarki fyrir tvær milljónir króna.

Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.

Önnur lög sem tóku gildi um áramótin og heyrja undir ráðuneyti Eyglóar eru ný lög um húsnæðisbætur. Með lögnum hafa fleiri á leigumarkaði rétt á húsnæðisbótum en áður var. „Það er verið að hækka tekjuviðmiðin í húsnæðisbótunum miðað við það sem var í húsaleigubótunum. Fyrir fólk á vinnumarkaði er þetta veruleg breyting en þetta er líka breyting fyrir námsmenn. Þetta er nýtt kerfi og það er veruleg viðleitni frá ráðuneytinu, þingi og



Íslendingar þurfa ekki lengur að borga skatt af afganginum sem þeir fá ef þeir minnka við sig húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sveitarfélögum að tryggja að það sé enginn í verri stöðu en áður,“ segir Eygló. Það sem áður hét sérstakar húsaleigubætur heitir nú sérstakar húsnæðisstuðningur og heyrir undir félagsþjónustuna. Vinnu-málastofnun sér svo nú um greiðslu húsnæðisbótanna til almennings.

„Það er verið að útvíkka réttindin. Þetta var hluti af samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins og þetta var sérstaklega hugsað til að bæta stöðu þeirra sem eru á vinnumarkaði,“ segir Eygló. Húsnæðisbætur verða greiddar mánaðarlega og grunnfjárhæð þeirra mun taka mið af fjölda heimilismanna óháð aldri þeirra.

Minni skattheimta

Ríkið tekur til sín minni skatt af almenningi á þessu ári en verið hefur. Til dæmis má nefna að við andlát einstaklings verður ekki lengur greiddur erfðafjárskattur af þeim hluta arfs sem gefinn verður til góðgerðarfélaga. Þetta er breyting frá því sem áður var þegar erfðafjárskattur var tíu prósent.

Ekki verður lengur tekinn skattur af þeim hagnaði sem verður til hjá einstaklingum sem ákveða að flytja í ódýrara húsnæði. Með öðrum orðum, ríkið tekur ekki lengur til sín skatt þegar einstaklingar ákveða að minnka við sig. Það má ímynda sér að sú skattaprósenta hafi lagst hvað mest á eldra fólk sem hafði hug á að minnka við sig og nýta fjármagnnið sem umfram var til efri áruna.

Á nýju ári verður veittur skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa einstaklinga. Skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa er nú um 50 prósent og lágmarksupphæð þeirra er 300 þúsund.

Bæði meira og minna eftirlit

Nýju og umdeildu Airbnb-lögin svokölluðu tóku gildi um áramótin. Þau skylda þá sem ætla að gera út svokallaða heimagistingu, til dæmis í gegnum vefsíðuna Airbnb, til að skrá það hjá sýslumanni og endurnýja þarf skráninguna á hverju ári. Einstaklingar hafa heimild til að leigja heimili sitt út í 90 daga á ári og að hámarki fyrir tvær milljónir króna. Allt umfram það krefst rekstrarleyfis frá stjórnvöldum. Þetta þýðir að hver nótt má ekki kosta meira en rúmar 11 þúsund krónur ef útleiga fer fram allar þessar 90 nætur.

Skráningargjald hjá sýslumanni fyrir Airbnb íbúðir er 8.000 krónur á hverju ári. Ef skráningarskyldunni er ekki hlýtt má búast við að fá sekt

Hvernig breyttist líf þitt um áramótin?



Húsaleigubætur flytjast frá sveitarfélögum til ríkis. Húsnæðisbætur verða greiddar mánaðarlega og grunnfjárhæð tekur mið af fjölda heimilismanna óháð aldri. Fleiri hafa rétt til þess að fá bætur því tekjumörk hækka.




Skattaskil verða alfarið rafræn.

Gjafir til góðgerðarfélaga verða undanþegnar erfðafjárskatti



Heimild lögreglu til að hlera verður þrengd og lögreglu verður sýnt meira aðhald. Brot verður að varða sex ára fangelsi og ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir verða að vera fyrir hendi. Þeim sem er hleraður verður skipaður lögmaður sem gætir hagsmuna hans.

Ellilífeyrir hækkar



Söluhagnaður þegar fólk minnkar við sig húsnæði verður ekki lengur skattlagður



airbnb

Airbnb lögin taka gildi – Einstaklingar hafa heimild til að leigja heimagistingu í 90 daga á ári og að hámarki fyrir tvær milljónir króna. Skráningarskylda gildir fyrir alla sem ætla að bjóða upp á heimagistingu og endurnýja þarf skráninguna á hverju ári.



Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa tekur gildi. Lágmarksupphæðin verður 300 þúsund krónur.

Nýtt greiðslupáttökakerfi í heilbrigðisþjónustu tekur gildi 1. febrúar



Sjúkratryggðum er gert kleift að sækja heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES og sjúkratryggingar greiða kostnaðinn ef um brýna almannahagsmuni er að ræða.

frá 10 þúsund krónum og allt að einni milljón króna.

En þrátt fyrir þessar sektargreiðslur má að minnsta kosti ekki búast við því að lögreglan hleri mann vegna gruns um að brjóta gegn Airbnb-reglunum. Heimildir lögreglu til símahlustunar hafa nefnilega verið þrengdar og nú verður brot að varða sex ára fangelsisvist og

ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir að vera í gildi. Þeir sem eru svo óheppnir að vera hleraðir af lögreglu fá úthlutað réttargæslumanni sem hefur aðgang að ýmsum gögnum í málinu og gætir réttar þess sem er hleraður. Lögmaðurinn má þó ekki láta skjólstaðing sinn vita að hann sé að gæta réttar hans. snaeros@frettabladid.is

500 g

SÚKKULAÐI
Dökkt súkkulaði og vanilla

PRÓTEIN RÍKT
KOLVETNA SKERT

Skýr.is

PRÓTEIN RÍKT Dökkt súkkulaði & Vanilla PRÓTEIN RÍKT

Syndsamlega gott, kolvetnaskert skyr með dökku súkkulaði og vanillubragði. Nú fánlegt í 500 g dósum

Skýr.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD



Herra

Lagerinn

outlet

líka fyrir konur

Hreinsun!

60%

**afsláttur
af öllum vörum**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18

laugardaga frá kl. 11 til 17

sunnudaga frá 13 til 17

Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

MARKAÐURINN

Geta selt
Símanbréfin

Fjárfestahópurinn sem keypti fimm prósent hlut í Símanum í umdeildri sölu Arion banka í ágúst 2015 getur nú selt bréfin. Söluhömlum var aflétt 1. janúar en við opnun markaða þann dag nam gengi hlutabréfa Símans 3,13 krónum. Virði þeirra hafði þá hækkað um 24 prósent síðan hópurinn keypti þau á genginu 2,518.

Viðskiptafélagarnir Sigurbjörn Þorkelsson, Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson eiga 48 prósent hlut í eignarhaldsfélaginu L1088 ehf. sem heldur utan um eign fjárfestahópsins í fjarskiptafyrirtækinu. Orri Hauksson, forstjóri Símans, og Gunnar Fjalar Helgason, yfirmaður stefnumótunar og stjórnunar hjá Símanum, eru skráðir fyrir 16,5 prósentum. Félagið Íshóll ehf. er þriðji stærsti eigandi L1088 með 15,6 prósent hlut. Það er í eigu Stefáns Ákasonar, fyrrverandi forstöðumanns skuldabréfamíðlunar Kaupþings. Bertrand Kan, hollenskur fjárfestir og stjórnarmaður í Símanum, átti 6,38 prósent. Önnur bréf félagsins voru í eigu innlendra og erlendra fjárfesta sem tóku þátt í kaupunum. Arion banki var harðlega gagnrýndur fyrir sölu enda fékk hópurinn að kaupa bréfin í lokuðu söluferli. –hg

24%

er hækkan hlutabréfa með-
lima hópsins í Símanum.

Bréf Japana á uppleið



Nikkei-hlutabréfavisitalan í japönsku kauphöllinni hækkaði um 2,5 prósent á miðvikudag. Hafði hún þá ekki verið hærrí í rúm t ár og nam 19.594 stigum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ósáttir við tafirnar hjá Silicor Materials

Seinkun á fjármögnun kísilvernsins á Grundartanga kemur einkafjárfestum á óvart. Keyptu 3,5 prósent í verksmiðjunni í ágúst 2015 en fjármögnuninni átti þá að ljúka um mitt síðasta ár. Fjórir lífeyrissjóðir eru einnig eigendur en framkvæmdastjóri Birtu er rólegur.

Óánægju gætir meðal íslenskra einkafjárfesta, sem tóku þátt í hlutfjársofnun Silicor Materials, með hversu hægt fjármögnun sólar kísilverksmiðjunnar á Grundartanga miðar. Þeir fjárfestar sem Fréttablaðið ræddi við segja það koma sér á óvart hversu langan tíma það hefur tekið að tryggja verkefnið auk við eigið fé, lánsfjármögnun og þá raforku sem til þarf. Eitt og hálf ár er lítið síðan þeir tóku þátt í hlutfjársofnun upp á alls fjórtán milljarða króna og stóð þá til að fjármögnuninni lyki um mitt síðasta ár.

Fjárfestarnir eiga alls 3,5 prósent í Silicor Materials Iceland Holding hf. í gegnum sex einkahlutafélög. Auðmennirnir Sigurður Sigurgeirsson, byggingaverktaki í Kópavogi, Jón Árni Ágústsson, fyrrverandi hluthafi í spænska lyfjafyrirtækinu Invent Farma og skattakóngur Íslands árið 2012, og hjónin og fjárfestarnir



Finnur Reyrr
Stefánsson
fjárfestir



Jón Árni
Ágústsson
fjárfestir

Finnur Reyrr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir tilheyra þeim hópi. Það gera einnig þeir Ingi Guðjónsson, stofnandi Lyfju og viðskiptafélagi Jóns Árna í Invent Farma, Berglind Björk Jónsdóttir, fjárfestir og tónlistarkennari, og eigendur Málningar hf. í Kópavogi. Þeir fjárfestar sem blaðið ræddi við vildu ekki láta nafns síns getið en sögðust hafa

talið að verkefnið yrði nú lengra á veg komið þegar þeir tóku þátt í hlutfjársofnuninni í ágúst 2015. Þeir hafi samið um ákveðin tímamörk sem Silicor Materials þurfi að mæta svo þeir taki ekki fjárfestingu sína til baka.

Forsvarsmáður eins einkahlutafélags úr hópnun segist aftur á móti lítið hafa velt framgangi verksmiðjunnar fyrir sér og að aðkoma hans að verkefni hafi verið í gegnum Davíð Stefánsson, stjórnarmann í Silicor Materials og talsmann fyrirtækisins. Davíð svaraði ekki beiðni Fréttablaðsins um viðtal en hann hefur bent á að um viðamikla fjárfestingu sé að ræða sem hafi tafist af ýmsum ástæðum. Gildistöku samninga Silicor Materials við Faxaflóahafnir, um hafnaraðstöðu og lóð á Grundartanga, var seinkað um miðjan desember eða til 20. janúar. haraldur@frettabladid.is

„Von allra að þetta gangi“

Fjórir lífeyrissjóðir lofuðu, ásamt Sjóvá og Íslandsbanka, tæplega sex milljarða króna fjárfestingu í Silicor Materials Holding í ágúst 2015. Keyptu þeir í fyrirtækinu í gegnum félagið Sunnuvelli slhf. sem á nú 32,4 prósent í kísilverinu. Um er að ræða Lífeyrissjóð Verzlunarmanna, Festu-Lífeyrissjóð, Sameinaða lífeyrissjóðinn (nú Birtu) og Lífeyrissjóð Vestmannaeyja.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir það „heppilegra“ ef fjármögnun verksmiðjunnar væri lokið en að ekki sé komin upp óánægja hjá stjórnendum lífeyrissjóðsins með tafirnar.



Ólafur
Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Birtu

„Almennt er það von allra að þetta gangi og því fyrr því betra í þeim skilningi. Hingað til hafa menn metið seinkunina í þeim skilningi að hún sé málefnaleg. Ég held að það sé ljóst að við lögðum öll upp með ákveðna áætlun og það er ljóst að henni seinkar og við getum lítið ráðið við það að svo stöddu.“

Hlutfjáröflunin, sem lauk í september í fyrra, var eins og áður segir fyrri hluti fjármögnunar 121 þúsunds fermetra kísilverns sem á að framleiða sólarhlöð og fullklárað að kosta um 900 milljónir Bandaríkjadala eða 100 milljarða króna.

SMÁVÖRUHILLUR OG SKÁPAR

...fyrir alla muni



Rymi 80
OFNASMÍÐJAN 1936-2016

s. 511 1100 | www.rymi.is

Vilja sjá Borgunarmálið klárast

Stjórnendur Sparisjóðs Austurlands ætla að biða eftir niðurstöðu í dómsmáli Landsbankans gegn Borgun áður en ákveðið verður hvort sparisjóðurinn mun leita réttar síns vegna sölu hans á 0,3 prósent hlut í greiðslukortafyrirtækinu. Þetta staðfestir sparisjóðsstjórnin, Vilhjálmur G. Pálsson.

„Það var niðurstaða okkar að biða og sjá hvernig mál Landsbankans endar. Okkar lending var sú að þetta yrði of mikið orð gegn orði um það hvort við hefðum fengið að vita af þessari viðbótargreiðslu.“

Sparisjóðurinn, þá Sparisjóður Norðfjarðar, seldi bréf sín í Borgun á gamlársdag 2014 eða rúmum mánuði eftir að Landsbankinn seldi Eignarhaldsfélaginu Borgun og einkahlutafélaginu BPS, sem er í eigu tólf helstu stjórnenda greiðslukortafyrirtækisins, 31,2 prósent hlut sinn í fyrirtækinu. Sjóðurinn seldi þá á sama gengi og



Sparisjóður Austurlands átti 0,3 prósent hlut í greiðslukortafyrirtækinu Borgun.

Landsbankinn og fékk 22,5 milljónir króna fyrir bréfin. Eftir að í ljós kom að Borgun ætti rétt á milljarðagreiðslum vegna yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe var 0,3 prósent hluturinn metinn á að lágmarki 57 milljónir. Eins og Landsbankinn gerðu stjórnendur sparisjóðsins

enga fyrirvara um hlutdeild í viðbótargreiðslunni og í apríl var lögfræðingi sjóðsins falið að meta hvort ástæða væri til að stefna eigendum BPS sem keyptu bréfin. Landsbankinn tilkynnti í síðustu viku að hann hefði höfðað mál vegna sölu sinnar á bréfunum í Borgun. –hg

ALVÖRU ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI!

Ríflegur afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI
– það er gott verð!

Allar mottur
og dreglar **25%**
AFSLÁTTUR

Öll Caster
hjól **30%**
AFSLÁTTUR

Wineo og
Martinelli
harðparket
15-20%
AFSLÁTTUR

Patrol
verkfærakistur **30%**
AFSLÁTTUR

Öll LuTool
rafmagnsverkfæri
25-30%
AFSLÁTTUR

Vegg- og
gólflísar
yfir 40 vörunúmer
15-50%
AFSLÁTTUR

Eldhús
stálvaskar **25-40%**
AFSLÁTTUR

Asaki-Aimsak og
Drive rafmagns-
verkfæri
25-50%
AFSLÁTTUR
30 vörunúmer

Ido, Ceravid og Imex
WC **20-25%**
AFSLÁTTUR

Hitastýrð blöndun-
artæki og sturtusett
frá BOZZ **25%**
AFSLÁTTUR

Ýmis verk-
færi og áhöld **25-40%**
AFSLÁTTUR

Öll strekkibönd
30%
AFSLÁTTUR

og ótal margt fleira!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		




MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Verðlækkarnir

Mac mini er stór tölva í afar smáum umbúðum.



Mac mini

1.4 GHz/i5/4GB (MGEM2)

Verð: 89.990

Verð áður: 109.990

Mac mini

2.6 GHz/i5/8GB (MGEN2)

Verð: 129.990

Verð áður: 149.990

Mac mini

2.8 GHz/i5/8GB/1TB Fusion (MGEQ2)

Verð: 179.990

Verð áður: 219.990

beats by dr. dre.




Solo 3 - þráðlaus
Þráðlaus heymartól með hátt í 40 tíma rafhlöðu.

Verð: 35.990



Studio - þráðlaus
Beats Acoustic Engine tryggir hljómgæðin og Adaptive Noise Canceling eyðir hljóðtruflunum

Verð: 49.990



Powerbeats 3 - þráðlaus
Ekta Beats hljómgæði með Class 1 Bluetooth tækni og stillanlegar festingar.

Verð: 24.990



urBeats
Frábær hljómgæði og þau einfalda þér að stjórna tónlistinni á iOS tækjum.

Verð: 13.990

Bowers & Wilkins



Zeppelin þráðlaus hátalari 2 litir

Verð: 99.990

Zeppelin er margverðlaunað hljómtæki frá hinu virta Bowers & Wilkins í Bretlandi.

Zeppelin fyllir stofuna með tærum, djúpum og líflegum stereó hljómi og skilar ótrúlegri nákvæmni í tóngæðum.

P5 þráðlaus heymartól

Verð: 44.990

Hágæða heymartól sem gefa þér náttúrulegan og nákvæman hljómi klædd vönduðu leðri.



P7 þráðlaus heymartól

Verð: 59.990

Hágæða þráðlaus heymartól sem gefa þér náttúrulegan og nákvæman hljómi klædd vönduðu leðri sem sitja þægilega á höfðinu án þess að þrýsta á eyrun sjálf.



*Vaxtalaus greiðsludreifing

Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuðum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

Ný og endurhönnuð MacBook Pro með Touch Bar og Touch ID!

Ný MacBook Pro með Touch Bar



MacBook Pro 13"

Verð frá: 299.990

2,9GHz Dual-core Intel Core i5
Turbo Boost í allt að 3,3GHz
8GB 2133MHz vinnsluminni
256GB PCIe flash geymsla

MacBook Pro 15"

Verð frá: 399.990

2,6GHz Quad-core Intel Core i7
Turbo Boost í allt að 3,5GHz
16GB 2133MHz vinnsluminni
256GB PCIe flash geymsla

Verlanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is



Brot af því besta á CES 2017

Consumer Electronics Show, ein stærsta neytendateknisýning heims, hefst í dag og stendur yfir fram á sunnudag. Fréttablaðið tók saman brot af því áhugaverðasta sem verður til sýnis á hátíðinni. Verður þar allt frá vélmennum til svífandi hátalara.



Kuri er vélmenni sem getur leikið við börnin og eru hreyfingar hans hannaðar af fyrirverandi starfsmanni Pixar. MYND/MAYFIELD ROBOTICS

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Da Vinci Nano

Taívanska fyrirtækið XYZ Printing kynnir nýjan þrívíddarprentara að nafni Da Vinci Nano. Eins og nafnið gefur til kynna er prentarinn einkar smár eða um tólf sentimetrar á alla kanta. Prentarinn er lokaður, annað en margir stærri prentarar.

Þá mun hann verða ódýrari

Þrívíddarprentarinn frá XYZ Printing er minni og ódýrari en flestir.

MYND/XYZ PRINTING



heldur en flestir þrívíddarprentarar og verður hann seldur á 230 dali sem samsvarar um 26 þúsund krónum.



Kérastase-hárburstrinn frá L'Oreal er snjallari en venjulegur bursti.

NORDICPHOTOS/AFP

Kérastase Hair Coach Powered by Withings

Nú keppast tæknifyrirtæki við að uppgötva hvaða gömlu vörur er hægt að snjallvæða. Nýjasta vendingin í því kapphlaupi er snjallhárbursti frá L'Oreal. Sá er útbúinn hljóðnema og öðrum skynjum. Skynjar hann því hvort notandinn sé að burstu hár sitt of harkalega.

Slíkt gæti valdið skemmdum á hári og er burstanum ætlað að fyrirbyggja það hvítleiða vandamál. Einnig er hann útbúinn Bluetooth-sendi svo hægt er að senda gögnin í síma notandans sem skoðar þau með þar til gerðu forriti.

Nemonic prentar minnismiða úr farsímanum.

MYND/MANGOSLAB



Nemonic Með hjálp hins smáa prentara Nemonic frá Mangoslab verður hægt að prenta út minnismiða úr símanum. Þar sem prentarinn er smár, um níu sentimetrar á alla kanta, prentar hann á smáa miða sem eru á stærð við hina víðfrægu Post-it miða.

Prentarinn prentar með hitatækni og því er ekki þörf á blekhlýkjum eða tónerum. Hann tengist við síma með Bluetooth.

Active Cushioning Run Profiler

Hárburstar eru ekki eina snjallvædda varan á CES í ár. Digitsole kynnir á sýningunni íþróttaskó sína Active Cushioning Run Profiler. Skórnir eru útbúin loftpúðum sem breyta lögun á meðan notandinn hleypur í því skyni að gera þá sem þægilegasta.

Skórnir eiga að auka afköst og draga úr hættu á meiðslum. Þá eru þeir útbúin hefðbundinni tækni sem mælir skrefafjölda, vegalengd, púls og þar fram eftir götunum.

Active Cushioning Run Profiler skórnir breyta lögun eftir aðstæðum.

MYND/DIGITSOLE



Kuri

Vingjarnlegt heimilsvélmenni með hreyfingar hannaðar af fyrirverandi starfsmanni teiknimyndarísans Pixar verður til sýnis á CES. Vélmennið nefnist Kuri og er úr smíðu sprotafyrirtækisins Mayfield Robotics sem er í eigu Bosch.

Líkt og fjölmargir snjallhátalarar tekur vélmennið við raddskipunum og getur því minnt þig á þegar þú ert að verða of seinn á fund eða kveikt á tónlist. Vélmennið er í raun mun fjölhæfara tæki en snjallhátalarar. Það getur lesið upphátt fyrir börnin og leikið við þau og rúllað um heimilið án þess að keyra á með aðstoð myndavélar og skynjara.

Myndavélin gerir Kuri einnig kleift að taka upp myndskleid svo eigandinn geti séð heiminn með augum vélmennisins. Þá er það útbúið skynjum á höfði svo það geti brugðist við mannlægri snertingu.

Airthings

Norska fyrirtækinu Airthings er umhugað um hvort radon hafi ratað

SteadXP á að gera myndbönd og ljósmyndir stöðugri og lágmarka hreyfingu og hristing.

MYND/STEADXP



Wave er radonskynjari sem svipar til reykskynjara. NORDICPHOTOS/AFP



PJ9 hátalarinn frá LG svifur í lausi lofti. MYND/LG

LG PJ9

PJ9 er nýr Bluetooth-tengdur hátalari frá LG sem hefur þá sérstöðu að svífa. Hátalarinn er þráðlaus og þegar rafhladan er að klárast lækkar hann flugið og lendir á dokku til þess að hlada. Þótt aðrir hátalarar hafi svífið er PJ9 fullkonnari og öflugri en fyrirrennarar hans.

Polar Team Pro Shirt

Finnska fyrirtækið Polar hefur lengi framleitt snjallur sem mæla púls og aðra heilsutengda þætti. Nú kynnir fyrirtækið hins vegar hvítan, ermlausan bol sem gerir slíkt hið sama.

Bolurinn er útbúinn skynjum á bringu og baki og er honum ætlað að mæla hraða, vegalengd, hröðun, hjartslátt og svo framvegis. Gögnin eru svo send í síma notandans með Bluetooth.

Tesla hefur fjöldaframleiðslu rafhlaðna

Risavaxin verksmiðja rafbílaframleiðandans Tesla hóf í gær fjöldaframleiðslu lithium-ion rafhlaðna. Er verksmiðjunni ætlað að útvega öllum bílum hinnar nýju tegundar, Model 3, rafhlöður. Einnig mun verksmiðjan framleiða rafhlöður fyrir Powerwall 2, heimilisrafhlöðu Tesla.

Fram til þessa hefur Panasonic framleitt rafhlöður fyrir Tesla. Hins vegar er búist við því að hin nýja verksmiðja tryggi að eftirspurn verði annað og að kaupendur Model 3 bíla fái bíla sína í hendurnar á skikkalegum tíma. Frá þessu greinir TechCrunch.

Verksmiðjan, sem kölluð er Giga-factory, var opnuð í fyrra og hefur fram til þessa sett saman vörur á borð við Powerwall auk þess að vinna að undirbúningi fyrir komandi vörur Tesla.

Enn sem komið er framleiðir verksmiðjan eingöngu rafhlöður fyrir Powerwall en framleiðsla rafhlaðna í Model 3 hefst á öðrum fjórðungi þessa árs.

Það að anna eftirspurn er ekki eina markmið rafbilarisans með þessari breytingu. Fjöldaframleiðsla rafhlaðna á einnig að lækka verð á vörum frá Tesla þar sem hagkvæm-

ara er að framleiða rafhlöðurnar í miklu magni. Þá verði færri mistök við framleiðslu rafhlaðnanna þar sem verksmiðjan er að miklu leyti sjálfvirk.

Þrátt fyrir háþrúð framleiðslutæki munu um 6.500 manns starfa við verksmiðjuna þegar hún er fullkláruð og komin á fulla ferð.

Tesla tilkynnti á þriðjudag að fyrirtækið hefði framleitt 83.922 bíla á síðasta ári og skilað 76.230 í hendur kaupenda. Áætlað var að skila 80.000 bílum. Ástæðan þess að það tókst ekki var sögð vera vandamál við flutninga og framleiðslu. – þea



Tesla Model S. MYND/AP



Þessi snjallsímaeigandi er með átta tilkynningar á Facebook. NORDICPHOTOS/AFP

Facebook textar myndbönd

Facebook býður nú notendum upp á að texta myndbönd sem þeir hlaða upp á síðuna. Fram til þessa hefur það ekki verið hægt nema notandinn hafi gert það áður en myndbandinu var hlaðið upp.

Enn sem komið er stendur bandarískum like-síðum möguleikinn til boða en von er á því að allir notendur Facebook geti textað myndbönd sín á næstunni.

Annars vegar er hægt að hengja svokallaða SRT-skrá við myndbandið. Slíkar skrár eru notaðar til þess að texta myndbönd. Þá verður einnig hægt að reiða sig á sjálfvirk textunarfórnir Facebook en ekki er víst hversu áreiðanlegt það er.

Eins og notendur Facebook vita spilast myndbönd á síðunni sjálfkrafa þegar þau rata á skjáinn og án hljóðs. Með tilkomu texta mun notandinn ekki þurfa að kveikja á hljóðinu til þess að vita hvað er í gangi í myndböndunum. – þea



5G farsímanet er væntanlegt. NORDICPHOTOS/AFP

AT&T prufar 5G farsímanet

Samskiptafyrirtækið AT&T tilkynnti í gær að fyrirtækið ætlaði að prófa næstu kynslóð farsímanets, oftast kölluð 5G, í Austin í Texas-riki á árinu. Verður tæknin notuð til þess að knýja þjónustuna DirecTV Now á heimilum borgarinnar. Fréttastofa CNN greindi frá því að búist væri við því að prufurnar færu fram á fyrri hluta þessa árs. Er þeim ætlað að kanna hversu vel 5Gfarsímaneti tekst að meðhöndla mikla umferð.

AT&T hélt því fram í fréttatilkynningu að 5G netið sem fyrirtækið væri að prófa næði allt að fjórtán gígabita hraða á sekúndu, sem er mun meiri hraði en fæst með 4G tengingu. Þessi aukni hraði myndi gera neytendum kleift að horfa á myndbönd í mun betri upplausn án þess að þurfa að bíða eftir því að þau hlaðist inn. Tilkoma 5G farsímanets mun væntanlega koma til með að breyta netnotkun snjallsímaeigenda. Aukið geymslupláss og aukinn hraði opna leiðir fyrir hærri upplausn myndbanda og stærri snjallsímaforrit. Mun því þróunin sem hófst með 4G tengingu halda áfram.

Annar samskiptarísi, Verizon, býst einnig við því að hefja prufur á 5G neti á árinu og þá er Google með samskonar áætlanir. – þea



40 eignir til sölu að Hólum í Hjaltadal

TÆKIFÆRI TIL FERÐAÞJÓNUSTU Á SÖGUFRÆGUM STAÐ

Til sölu 40 íbúðir í háskólaborpinu að Hólum í Hjaltadal. Íbúðirnar eru í eigu Nemendagarða Hólaskóla. Gert er ráð fyrir að selja a.m.k. 38 þeirra til sama aðila. Auk þess er um að ræða tvö stök hús sem henta mjög vel sem orlofshús, t.d. fyrir stéttar- eða starfsmannafélög. Hjaltadalur er með fegurstu dölum landsins og Hólar þekktur sögustaður. Eignirnar henta vel í ferðaþjónustu og eru miðsvæðis á Norðurlandi. Fjölmargir útivistarkostir eru í næsta nágrenni og miklir möguleikar á að auka þjónustu á svæðinu, sem og samstarf við Háskólann á Hólum.

Hagstætt verð fyrir framsækna aðila, ásett verð 298 m.kr., 40 eignir, 2.699 m².

Nánari upplýsingar um eignirnar veita neðangreindar fasteignasölur.



Ágúst Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
453 5900
agust@krokurinn.is



Björn Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
464 9955
bjorn@byggd.is



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
824 9093
kjartan@eignamidlun.is



Jón Rafn Valdimarsson
Löggiltur fasteignasali
695 5520
jonrafn@miklaborg.is

SKOÐUN

Að gefa líf



Þorbjörn
Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Nýlega samþykktu Frakkar breytingar á löggjöf um líffæragjafir sem tóku gildi um áramótin. Franska löggjöfin grundvallast á svokölluðu ætluðu samþykki. Það felur í sér að hinn látni hafi samþykkt að gefa líffærin úr sér eftir andlátid til að bjarga lífi annarrar manneskju nema fyrir liggi yfirlýsing um hið gagnstæða.

Þetta þýðir að allir verða sjálfkrafa líffæragjafir nema til staðar sé yfirlýsing um annað. Aðstandendum látinna verður framvegis ekki heimilt að neita læknum um að taka líffæri úr látnum og græða í annað fólk í Frakklandi.


Hugmyndir um ætlað samþykki hafa ekki hlotið brautargengi hér á landi. Árið 2012 dagaði tvær þingsályktunartillögur Sivjar Friðleifsdóttur um efnid uppi í þinginu. Árið 2014 hafnaði velferðarnefnd Alþingis frumvarpi 12 þingmanna úr öllum flokkum um efnid. Meðal annars á þeirri forsendu að ætlað samþykki færi gegn sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins.

Til þess að gerast líffæragjafi á Íslandi þarf maður að fylla út skjal sem aðgengilegt er á heimasíðu landlæknis á vefnum donor.landlaeknir.is. Þar þarf maður að taka afstöðu til líffæragjafar með rafrænum skilríkjum eða með íslykli sem aðgengilegur er í heimabanka. Ef löggjöf um ætlað samþykki yrði innleidd hér á Íslandi væri þetta úr sögunni og taflinu væri snúið við. Menn þyrftu að leggja á sig þessa fyrirhöfn, sem er þó ekki stórvægileg, til að gefa yfirlýsingu um hið gagnstæða.

Það er erfitt að hugsa sér hvers vegna einhver ætti að vera andsnúinn því að gefa úr sér líffærin í ljósi þess að þau koma ekki að neinum notum eftir dauða og breytast í ösku ofan í jörðinni að því gefnu að hinn látni hafi ekki verið brenndur áður. Fyrir því gætu hins vegar verið einhver prinsipp eða trúarsannfæring. Ef svo ber undir er það enn frekar við hæfi að einstaklingur sem getur ekki gefið líffæri sín vegna eigin trúarskodana eða sannfæringar lýsi því sérstaklega yfir. Vilhjálmur Arnason heimspekingur hefur fært fyrir því rök að réttara geti verið að gera ráð fyrir að einstaklingar vilji gefa líffæri sín en ekki, þar sem eðlilegt hljóti að vera að manneskjur vilji koma öðrum einstaklingum samfélagsins til hjálpar frekar en hitt.

Það væri hægt að fara leið meðalhöfsins milli gildandi laga á Íslandi og frönsku löggjafarinnar með því að einfalda skráningu líffæragjafarinnar. Ágæt til laga að lausn í þessu máli var sett fram í vikunni sem ástæða er til að taka undir. Hún felst í því að einfalda ferlið við samþykki. Þetta væri hægt að gera með rafrænum hætti með einni spurningu við villuprófun skattframtals þar sem notandinn myndi haka við þar til gerðan reit áður en skattframtalið væri sent og spurningin kæmi bara fram í þetta eina skipti. Þá lægi fyrir samþykki við andlát, hægt væri að fjölga skráðum líffæragjöfum í einu veffangi og ekki kæmi upp ágreiningur á milli heilbrigðiskerfisins og fjölskyldu hins látna um hugsanlegan vafa um afstöðu hans við andlát.

Halldór



Frá degi til dags

Stólaleikurinn
Stólaleikur væntanlegra ríkisstjórnarflokka er hafinn. Fréttir bárust af því í gær að Sjálfstæðisflokkur hlýti fimm ráðuneyti, Viðreisn þrjú og Björt framtíð tvö. Fyrir liggur að Bjarni Benediktsson verður forsætisráðherra og Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, er sagður sækja það fast að fá fjármálaráðuneytið. Margir eru þeirrar skoðunar að Óttari Proppé færi mennta- og menningarmálaráðuneytið vel en Óttarr er sjálfur sagður spennastur fyrir utanríkisráðuneytinu. Því er ekki að neita að sinnspgulu jakkafötin myndu sóma sér vel á fundum utanríkisráðherra Evrópu, innan um alla heimsins tóna af svörtum fötum.

Kvennaframboð
Það hefur lengi legið fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn er í vandræðum þegar kemur að því að velja konur í ráðherrastóla. Ólöf Nordal er eini kvenkyns oddviti flokksins og hefur háð harða baráttu við heilsuleysi. Ef til stendur að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu þurfa Sjálfstæðismenn að hafa tvær konur í ríkisstjórn, ef önnur er Ólöf þyrfti engu að síður að líta fram hjá karlkyns oddvitum og neðar á lista flokksins. Engin kona í öðru sæti á listum flokksins hefur þingreyngslu. Kannski Sjálfstæðismenn taki kvenkyns utanþingsráðherra í ríkisstjórnina. Í þeim spám hefur nafn Svanhildar Hólm Valsdóttur, aðstoðarmanns Bjarna Benediktssonar, oftast borið á göma. snaeros@frettabladid.is

Gosið er ekki sökudólgurinn



Almar
Guðmundsson
framkvæmdastjóri Samtaka
iðnaðarins

Kastljósinu hefur verið beint að sykrudum gosdrykkjum sem sökudólg þess að landsmenn eru að þyngjast. Það er afar mikil einföldun að einblína á sykraða gosdrykki sem helstu orsök offituvandans. Það sem Hagstofan kallar „gosdrykki“ og er túlkað sem „sykrað gos“ er villandi þar sem staðreyndin er sú að einungis innan við helmingur af því er raunverulega sykrað gos. Það er því beinlínis rangt að leggja alla gosdrykki að jöfnu, líkt og gert hefur verið í umfjöllun undanfarið.

Gosdrykkir skiptast í sykraða gosdrykki, sykurlausa drykki með sætuefnum og kolsýrða vatnsdrykki. Samkvæmt Markaðsgreiningu/AC Nielsen á árabílinu 2012 til 2016 hefur vægi sykraðra drykkja sem seldir eru á Íslandi minnkað úr 59 prósentum í 48 prósent. Á sama tíma hefur vægi sykurlausra drykkja (ósætra gosdrykkja og drykkja með sætuefnum) vaxið úr 41 prósent í 52. Neysluhæðun Íslendinga er að breytast hratt. Það hefur ekkert með sykurskatta að gera heldur er skýringin miklu fremur sú að neytendur eru að taka upplýsta ákvörðun um sína neyslu. Vöruþróun og vöruframboð íslenskra framleiðenda tekur mið af þessu og er í stöðugri þróun til að mæta breyttu neyslumynstri. Þær vorur sem eru í langmestum vexti eru kolsýrðir vatnsdrykkir og hefur sala á slíkum drykkjum vaxið um 83 prósent frá árinu 2010. Á sama tíma hefur sala á sykruðum gosdrykkjum minnkað um 15 prósent og neysla á sykurlausum gosdrykkjum hefur dregist saman um sex prósent.

Þá má nefna að sykurneysla á Íslandi hefur minnkað um nær tíu kíló á mann á nærri fimmtíu ára tímabili. Árið 1967 var neysla sykurs á mann 51,7 kg og árið 2014 var neysla sykurs komin niður í 41,8 kg á mann. Það er öflug fylgni milli heildarneyslu sykurs á mann og aukningar á líkamsþyngd og því erfitt að koma auga á orsakasambandi þar á milli.

Þessar staðreyndir staðfesta að það er ekki sykrunum einum að kenna að landsmenn þyngjast og ljóst að gosið er ekki sökudólgurinn. Það blasir því við að leita þarf orsakanna víðar.



Það er því beinlínis rangt að leggja alla gosdrykki að jöfnu, líkt og gert hefur verið í umfjöllun undanfarið.

Apótek
Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

Knattspyrnusögur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Knattspyrna, drottning allra íþróttanna, er dauðans alvara. Þegar landslið Mið-Ameríkurríkanna El Salvadors og Hondúráss mættust í undankeppni fyrir heimsmeistaramótið í Mexíkó 1970 í höfuðborg Hondúráss, Tegucigalpa, sem var þá litlu stærri borg en Reykjavík er nú, þá umkringdu heimamenn hótelið þar sem landslið El Salvadors gisti, brutu rúður hótelsins með grjótkasti, þöndu bilflautur, börðu blikktunnur og sprengdu kiverja og þaðan af stærri bombur um nóttina til að halda vöku fyrir landsliði El Salvadors. Hugmyndin var að illa sofinn andstæðingur sé auðveld bráð. Þetta hreif. Heimamenn sigruðu El Salvador 1:0. Amelia Bolaños, 18 ára yngismær í El Salvador, tók úrslitin svo nærri sér að hún sótti skammbyssu föður síns í skrifborðsskúffu hans og skaut sig í hjartað. „Unga stúlkan gat ekki afborið að sjá land sitt auðmýkt“, sagði dagblaðið El Nacional. Útför hennar var sjónvarpað.

Viku síðar fór næsta viðureign liðanna fram í El Salvador. Nú var komið að andvökunótt Hondúrássa því Salvadorar umkringdu hótelið þeirra, brutu rúðurnar í öllum gluggum hótelsins og köstuðu fúleggjum, blautum bensintuskum og dauðum rottum inn um gluggana. Aðrir stóðu hjá með stórar myndir af þjóðhetjuni Amelíu Bolaños. Áður en leikurinn hófst daginn eftir þiðu heimamenn á þjóðsöng Hondúráss og gestgjafarnir drógu ekki þjóðfána andstæðinganna að húni heldur gatslitna gólfusku, brennda og skítuga. Þetta hreif. Salvadorar sigruðu nú Hondúrássa 3:0. Eftir leikinn var liði Hondúráss ekið í brynvörðum vögnum beint út á flugvöll. Áhorfendur frá Hondúráss sluppu ekki eins vel því þeir voru barðir sundur og saman og tveir voru drepnir.

Morguninn eftir féll fyrsta sprengjan á Tegucigalpa. Þannig hófst fótboltastríðið sem heimamenn kalla La guerra del fútbol og pólski útvarpsfréttaritariinn og rithöfundurinn Ryszard Kapuscinski hefur lýst öðrum betur. Stríðið stóð í fjóra sólarhringa og er því stundum einnig kallað 100 stunda stríðið. Því lauk með þrátefli. Stríðið kostaði 6.000 mannslíf og meira en 12.000 særðra og 50.000 manns misstu heimili sín og akra. Mörg þorp voru jöfnuð við jörðu.

Fjörtán fjölskyldur

Knattspyrnuleikirnir tveir voru þó ekki eina ástæða þess að stríð braut út heldur voru þeir trúlega bara neistinn sem kveikti bálið. El Salvador er minnst og þéttbýlasta ríkið á Mið-Ameríkuskaga. Fáeinir landeigendur höfðu alla þræði í hendi sér; sagt var að fjörtán fjölskyldur ættu land og þjóð með húð og hári. Kannast nokkur við það? Mestur hluti landsmanna var bláfátækur og landlaus. Af því leiddi m.a. að 300.000 Salvadorar höfðu flutt til Hondúráss í leit að betra lífi og landi til að yrkja. Árekstrum við heimamenn lyktaði með því að Salvadorum í Hondúráss var gert að skila landinu sem þeir höfðu ræktað þar og snúa aftur til síns heima þar sem ekkert beið þeirra nema eynd og volæði. Blöðin jusu svívirðingum yfir landamærin á báða bóga og kölluðu menn nasista, drykkjuríta, dverga, sadista, kóngulær og þjófa; þetta voru forustugreinar blaðanna. Því fór sem fór.

Úrslitaleikur landanna í

undankeppninni fór fram í Mexíkó. Hondúrássum var komið fyrir öðrum megin vallarins og Salvadorum hinum megin. Á milli þeirra stóðu 5.000 mexíkóskar löggur vopnaðar kylfum. El Salvador sigraði 3:2.

Tíu vindstig

Suður-amerískur fótballi er þeirrar náttúru að stundum ganga sendingar lengi milli samherja eins og leikmennirnir séu að bjóða áhorfendum upp á listsýningu. Þetta var öðruvísi á Melavellinum í mínu ungðæmi. Þá römbuðu sendingar iðulega beint til mótherja á víxl eins og ekkert væri sjálfsagðara og sjálfsmörk voru algeng, nema boltinn fyki í mark. Tíu vindstig voru ekkert tiltökumál. Sérstaklega er mér minnisstæður einn leikur Víkinga við gullaldarlið KR, þetta var 4. maí 1961: Heimir í markinu, Hreiðar og Bjarni Fel. í vörn, Garðar, Hörður Fel. og Sveinn á miðjunni og Örn, Gunnar Fel.,

Þórólfur, Ellert og Gunnar Guðmannsson í framlínunni. Allir voru þeir í landsliðinu, samt ekki alveg allir í einu ef ég man rétt. Leikurinn fór nær allur fram innan markteigs hjá Víkingi, en honum lauk samt með 1:0 sigri Víkinga. Svo óvænt var auðmýkingin að KR-ingarnir grétu sumir hávaðagráti í sturtunni: þetta var vítað því áhorfendur gengu inn og út úr sturtuklefanum eftir leikina og tóku vel eftir öllu.

Þegar ég sagði KR-ingunum sonarsonum mínum þessa sögu spurðu þeir: Man Ellert þetta svona? Ég sagði: Hann vill örugglega helzt gleyma þessu ef hann er ekki búinn að því.

Krasspútín


Ég átti mér hetjur í boltanum þegar ég var strákur. Beztur þótti mér Ellert B. Schram, enn betri en Þórólfur Beck. Pelé var líka góður, svo góður að þegar þrjú ítölsk félög buðust

til að slá saman og kaupa hann fyrir tvær milljónir dala, jafnvirði tíu milljóna punda í dag, þá var sett lögbann á kaupin í brasilíska þinginu með þeim rökum að því líka þjóðargersemi mætti ekki selja úr landi. Þetta er einnig hugsunin á bak við ákvæðið um menningarverðmæti í nýju stjórnarskránni, ákvæði sem er m.a. ætlað að halda Valþjófsstaðahurðinni heima og handritunum.

Rússneski landsliðsmarkvörðurinn Jasin var einnig dáður, að ekki sé minnst á miðframvörðinn Krasspútín, fyrirlíða Dynamo Kiev, ef ég man rétt. Það var í úrslitaleik við Dynamo Moskva að mjög hallaði á Krasspútín og menn hans líkt og Víking á Melavellinum forðum, en Krasspútín tókst þó einu sinni að ryðjast fram völinn einn síns liðs og skora glæsilegt mark og stóðu leikar þá 1:0 fyrir Kiev. Dynamo Moskva gerði áfram harða hrið að

marki Krasspútíns og félaga og mátti engu muna að þeir skoruðu heila markarunu en allt kom fyrir ekki. Þrem mínútum fyrir leikslok kom þrumuskot að marki Dynamo Kiev og voru nú góð ráð dýr. Greip Krasspútín þá til ráðs sem ekki hafði áður sézt á knattspyrnuvelli eða annars staðar né heldur síðan: hann stökk hæð sína í loft upp, sneri sér við og greip knöttinn með afturendanum – og hefur trúlega sprengt og gleypst tuðruna með tiltækinu því hún hvarf eins og döggy fyrir sólu. Krasspútín vissi sem var að þarna á vellinum í Kiev var enginn varaknöttur til staðar hvað þá heldur kvikmyndavélar, þetta voru þau ár, klukkan tifaði og dómarinn frá Vladivostok sá að endingu þann kost vænstan að blása leikinn af. Sigur Krasspútíns var í höfn.

Man Ellert eftir þessu? spurðu KR-ingarnir þegar ég sagði þeim söguna. Ellert getur ekki munað allt, sagði ég.



Fulltingi flyst á Höfðabakka 9

Á morgun, 6. janúar, flytjum við hjá Lögmannsstofunni Fulltingi slf aðsetur okkar að Höfðabakka 9, efstu hæð.

Við hlökkum til að taka á móti viðskiptavinum okkar í nýjum húsakynnum. Gott aðgengi er að húsinu og næg bílastæði. Verið velkomin!

Fulltingi er framsækin og traust lögmannsstofa sem veitir einstaklingum þjónustu á sviði skaðabóta og váttryggingaréttar og er stærsta stofan hér á landi sem sérhæfir sig á þessu sviði.

Hlutverk fyrirtækisins er að leysa vel úr málum fólks, ráða því heilt og stuðla að því að hver og einn fái þær bætur sem hann á rétt á.

Sérfræðingar okkar hafa margir hverjir áratuga reynslu í meðferð slysa- og skaðabótamála.



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

Pinn réttur til bóta!

KRÓNAN



**Krónan
mælir með!**



229 kr.
kg

Appelsínur, Spánn

458 kr.
pk.

Avocado í neti 750 g, Perú og Suður Afríku

Verð áður ~~539~~ kr. pk.



Tilboðin gilda til 8. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

KRÓNAN

-20%



1495 kr. kg

Ungnautahakk

Verð áður ~~1869~~ kr. kg



1499 kr. stk.

Kjúklingabringur 900 g, Danmörk



646 kr. kg

Krónu kjúklingur, blandaðir bitar

Verð áður ~~760~~ kr. kg

**Krónan
mælir með!**



998 kr. stk.

Happ Villisveppasósa 410 ml



Hnetusteik VEGAN 650 gr.

2299 kr. stk.

Happ Hnetusteik 650 g



tómat og basil súpa

1099 kr. stk.

Happ Tómat og basilsúpa 500 ml



rauð papriku og sætkartöflu súpa

1999 kr. stk.

Happ Papriku sætkartöflusúpa 1L



KRÓNAN



-50%



-25%



Vítamín Boomba!

997 kr. stk.

Now Omega-3 1000 mg, 100 töflur

Verð áður ~~1329~~ kr. stk.

1499 kr. pk.

Kassi af Nakd hrábar - 18 stk. í kassa

Verð áður ~~3204~~ kr. pk.



-25%

Vítamín Boomba!

2248 kr. stk.

Now Eve fjölvítamín fyrir konur, 90 töflur

Verð áður ~~2997~~ kr. stk.



Vítamín Boomba!

-25%

2599 kr. stk.

Amino Energy 270 g - úrval bragðtegunda

1049 kr. stk.

Now D3 2000 IU, 240 töflur

Verð áður ~~1399~~ kr. stk.

Ódýrt



199

kr. pk.

Banderos 6 vefjur 370 g - 25 cm

199

kr. stk.

Banderos Salsa Medium 300 g



149

kr. stk.

Banderos Taco Sauce Medium 230 g

Ódýrt

199

kr. pk.

Banderos 8 vefjur 320g - 20 cm



99

kr. stk.

Taco Spice mix 40 g

VIÐ KYNNUM
FRISLAND CLASSIC
TÍMALAUS GÆÐI



GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

J.S. Watch co.
REYKJAVÍK



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á bros.is

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
— með þínu merki

L-Mesitran

Náttúruleg
sáragræðsla
með hunangi

Nánari upplýsingar
fást á www.wh.is.



L-Mesitran®



Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekanum, Hraunbergspóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.

**Porrablót
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.**

**Ykkar skemmtun....
....okkar fókus**

**HOKUS
POKUS**



www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Áramótakveðja Tryggingastofnunar



Halldór
Gunnarsson
varaformaður
flokks fólksins

Á forsíðu Tryggingastofnunar stendur: „Gleðilegt ár. Greiðslur 1. janúar 2017. Mikilvæg atriði vegna greiðslna TR þann 1. janúar: – Hækkun fjárhæða um áramót verður 7,5%. – Greitt verður samkvæmt nýjum lögum um almannatryggingar. Miðað verður við staðgreiðslu og persónuafslátt ársins 2016 í greiðslunum 1. janúar sem verður síðan leiðrétt 1. febrúar.“

Þessi kveðja Tryggingastofnunar til eldri borgara og öryrkja, sem eiga að njóta lágmarkstryggingar til að lifa, er eins og blekking í framhaldi af allri umræðunni um að stórkostlegar bætur hafi verið greiddar inn í málaflökkinn með nýsamþykktum lögum um almannatryggingar.

Hið rétta er að þessa 7,5% hækkun hefði orðið að greiða eftir eldri lögum og er greidd ári eftir á. Ákvörðunin „skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækkir aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs“ (69. gr.). Þessir aðilar fá sína lágmarkshækkun miðað við aðra, greidda ári eftir á, í prósentum miðað við sínar lágmarksgreiðslur, um 230 þúsund kr. á mánuði og að auki þurfa þeir að greiða skatt af þeirri upphæð um 30 þúsund og er þannig ætlað að lifa af um 200 þúsund kr. á mánuði eftir þessa hækkun!

Þegar rýnt er í hinar stórkostlegu bætur sem lofað var með nýjum lögum um almannatryggingar, sem sagt er að hafi kostað ríkissjóð tuttugu milljarða króna, sést hvergi kostnaðargreining þessarar upphæðar, t.d. hvað kostar 7,5% hækkunin, sem án lagabreytingar hefði orðið að greiða, hvað sparast með afnámi grunnlífeyris til tekjuhærra eldri borgara og hvað sparast með 45% skerðingu á tekjum umfram



Allar spurningarnar til stofnunarinnar og öll svörin sem liggja þar fyrir bera með sér óskiljanleg lög skerðinga og millifærslna milli bótaflokka, sem verður að afnema og einfalda.

25 þúsund kr. á mánuði, þeirra sem verða að vinna sér til lífs eða þeirra sem vilja vinna sér til sálhjálp. Þessi breyting á lögum, að lækka frítekjumark úr 109 þúsund í 25 þúsund á mánuði gagnvart eldri borgurum, er til ávarandi skammar fyrir þá sem samþykktu þetta á Alþingi sl. haust, einnig fyrir alla hina sem sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Enginn greiddi þar atkvæði á móti. Eru alþingismenn tilbúnir að greiða um 63% skatt af öllum launum sínum og fríðindum umfram 230 þúsund á mánuði? Útskýring frá Tryggingastofnun til að milda þessa skerðingu er, að af 1.000 kr. á mánuði umfram 25 þúsund til eldri borgara, sé tekinn skattur um 370 kr., síðan sé lífeyrisgreiðsla lækkuð um 45% af eftirstöðvum, eða 240 kr. og þá haldi sá sem vinnur, eftir 347 kr. Greiðslum til öryrkja er haldið niðri með skerðingum og mismunum milli einstaklinga, samsvarandi til skammar.

Þetta er reikningsaðferðin með áramótakveðjunni til þeirra, sem stofnunin á að tryggja lífsafkomu! Allar spurningarnar til stofnunarinnar og öll svörin sem liggja þar fyrir bera með sér óskiljanleg lög skerðinga og millifærslna milli bótaflokka, sem verður að afnema og einfalda. Skattleysismörk verða að hækka upp í 300 þúsund krónur á mánuði til að bæta lífeyrisþegum, öryrkjum og láglaunafólki kjararyrnun miðað við aðra, einkum miðað við alþingismenn, sem vildu ekki breyta ólöglegri 44% hækkun kjararáðs til sín, meira að segja afturvirk, þrátt fyrir að hafa fengið 7,15% hækkun 1. júní 2016 og í árslok 2015 fengu þeir 9,3% hækkun afturvirka til 1. mars það ár. Höfum í huga samanburðinn við hækkunir Tryggingastofnunar til sinna lífeyrisþega: 9,6% í ársbyrjun 2016 fyrir árið 2015 og núna í ársbyrjun 2017, 7,5% fyrir árið 2016. Gerum okkur einnig grein fyrir hinum mikla mun á prósentutölunni af lögum greiðslum annars vegar og hins vegar þessum himinháum, með öllum fríðindunum. Hækkunir á síðasta ári á mánuði til alþingismanna samsvara grunnlaunum á mánuði til kennara og eru meira en helmingi hærri en lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar á mánuði til einstaklinga. Þetta er áramótakveðja Tryggingastofnunar og alþingismanna til lífeyrisþega um gleðilegt fátæktarár til öryrkja og hluta eldri borgara 2017.

Þarf að hvetja til ábyrgðar ferðabjónustu?



Ásta Kristín
Sigurjónsdóttir
klasstjóri
Íslenska ferða-
klasans



Ketill Berg
Magnússon
framkvæmda-
stjóri FESTU –
miðstöðvar um
samfélagsábyrgð

úti um allan heim. Samkeppnin er hörð og ferðabjónustufyrirtæki með hugsunarhátt gullgrafara sem tjaldar til einnar nætur eru skammlíf og geta skemmt orðstír Íslands.

Hraður vöxtur ferðabjónustunnar á Íslandi dregur fram ýmsar áskoranir sem tengjast samfélagsábyrgð fyrirtækja. Þar má telja aukinn ágang á náttúruna, að réttindi starfsfólks séu virt, að nærsamfélögin sem ferðamenn heimsækja fái sanngjarnan skerf af ávinningnum og ekki síst að öryggi ferðamanna sé tryggt og þeim veitt góð þjónusta.

Það er því á þessum grunni sem FESTA, miðstöð um samfélagsábyrgð og Íslenski ferðaklasinn efla til hvatningarverkefnis um ábyrgð ferðabjónustu. Verkefnið felur í sér að fyrirtæki skrifa undir einfalda og skýra yfirlýsingu um að þau muni bjóða ábyrgð ferðabjónustu. Fyrirtækjunum verður í kjölfarið boðin fræðsla um ábyrgð starfshætti og sjálfbærni. Samstarfsaðilar að verkefninu eru SAF, Ferðamálastofa, Íslandsstofa, Höfuðborgarstofa, Markaðsstofur landshlutanna og Safetravel.

Í dag sýnir fjöldi fyrirtækja í

ferðabjónustu fagmennsku og ábyrgð vinnubrögð. Sífellt fleiri taka upp markviss umhverfis- og gæðakerfi eins og t.d. Vakann sem er orðið þekkt og virt kerfi innan ferðabjónustunnar. Hvatningarverkefnið „Ábyrgð ferðabjónusta“ á bæði við um þá sem eru nú þegar komnir vel á veg og eru fyrirmyndir, eins og þau fyrirtæki sem eru enn í startholunum og vilja setja sér mælanleg markmið í sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

Tilgangur verkefnisins er að stuðla að því að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð sem styður við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir þjóðarinnar. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er verndari verkefnisins, sem undirstrikar að góður orðstír ferðabjónustunnar skiptir okkur öll máli.

Yfirlýsingin um ábyrgð ferðabjónustu verður undirrituð þann 10. janúar. Við hvetjum öll fyrirtæki sem tengjast ferðabjónustu til að skrá fyrirtæki sitt til þátttöku í verkefninu. Skráning fer fram á heimasíðu Festu, www.festasamfelagsabyrgd.is.

GLEÐILLEGT GRÆJUÁR!)

4BLS
KIPPA ÚT!)

BYRJUM 2017 MEÐ LÁTUM • ALLAR HETTUSTU GRÆJURNAR

ENGIR TOLLAR OG ENN LÆGRA VERÐ
ENGIR TOLLAR!)
2017
LÆKKUN Á LEIKJATÖLVUM,
HÁTÖLURUM, HEYRNARTÖLUM,
SKJÁVÖRPUM OG FLEIRI
VÖRUM
LEIÐUM LÆKKANIR Á VÖRUM SEM ÁÐUR VORU MEÐ TOLLA!

ENGIR TOLLAR
VERÐ ÁÐUR
46.990

PS4 STYRIPINNIR FYLGI

500GB PS4 SLIM
Ný kynslóð vinsælustu leikjatölvu í heimi, öflugri þynnri og léttari með HDR stuðningi!

39.990
1TB 49.990 | 1TB PRO 59.990

ENGIR TOLLAR
VERÐ ÁÐUR
54.990

FIFA 17 FYLGI XBOX 500GB

500GB XBOX ONE S
Ný og öflugri kynslóð Xbox One með stuðningi fyrir 4K UHD afspilun og einstaka HDR litadýpt.

49.990
XBOX ONE S 1TB AÐEINS 54.990

PlayStation VR

Upplifðu framtíðina með Playstation VR sýndarveruleikagleraugum, einstök upplifun þar sem þú ert í þínum eigin sýndarveruleikaheimi.

69.990
LENDIR AFTUR Í JANÚAR!)

VIVE

149.990
FULLKOMIN VR HEIMUR!

oculus

119.990
KOMDU AÐ PRUFA!)

FREEFLY VR

9.990
FYRIR FLESTA SNJALLSÍMA

JANÚAR TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR
2.990

TRUST GAMING

DUO HLEÐSLUSTÖÐ
Trust GXT243 Duo hleðslustandur með straumbreyti sem getur hlaðið allt að tvo PS4 stýripinna í einu.

1.990
STÍLHREIN PS4 HLEÐSLUSTÖÐ!

**NÝTT VR HERBERGI
Í HALLARMULANUM
KOMDU AÐ PRUFA :)**

ÚRVALLIÐ ER

Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EIT

20 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 119.990

1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

acer

V3-372

2017 LÚXUS KYNSLÓÐ FRÁ ACER

Úr lúxuslínu Acer kemur þessi glæsilega fartölva með Nano skomu álbaki, 6 kynslóð Intel örgjörva, öflugra þráðlausu neti og Dolby Home Theater hjóðkerfi.

- Intel Core i3-6157U 2.4GHz Skylake 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
- 13.3" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- Intel Iris HD 550 DX12 4K Skylake skjákjarni
- 2.0 Dolby Digital Plus hágæða hjóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT4, USB-C 3.1
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

99.990

FISLÉTT Í SKÓLATÖSKUNA!

39P8 **2 LITIR**

acer

ES1-522

49.990

FÆST Í 2 LITUM

- AMD QuadCore E2-7110 1.8GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 2GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 hjóðkerfi með góðum hátölurum
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Innbyggð 480p vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

25SD

acer

ES1-523

69.990

FLOTT VÉL MEÐ 256GB SSD

- AMD Dual Core E1-7010 1.5GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 4GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 hjóðkerfi með góðum hátölurum
- 867Mbps Dual WiFi AC, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

40 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 189.990

acer

512GB SSD

GIGABYTE DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1

119.990

HÖRKU VÉL HLAÐIN NÝJUSTU TÆKNI

- Thermaltake Versa H15 Deluxe turn
- AMD A8-7650K Quad Core 3.8GHz Turbo
- GIGABYTE A88XM-D3HP móðurborð
- 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
- 512GB SSD Plextor M7V diskur
- 8GB Radeon R7 DX12 skjákjarni
- Nýjustu USB 3.1 Type-C & Type-A tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

10 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 149.990

Lenovo

ALL-IN-ONE

149.990

ÚRVAL AF SKJÁTÖLVUM FRÁ 79.990

- Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 23" Rammalaus FHD IPS fjölsnertiskjár
- Intel HD 520 DX12 Skylake skjákjarni
- 2.0 Dolby Home Theatre 6W RMS hjóðkerfi
- 867Mbps DUAL WiFi AC, BT4, USB 3.0, HDMI
- 1080p vefmyndavél sem hægt er að fela
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

25% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 12.990

2 LITIR

WONLEX

HEILSUÚR

FRÁBÆRT HEILSUÚR FRÁ WONLEX!

Frábært heilsuúr frá Wonlex með innbyggðum pulsmaeli sem telur skrefin þín, vegalengdir, kaloriubrennslu ofl. Öflugt hjálpartæki sem hjálpar þér að ná þínum markmiðum.

9.740

FULLKOMINN FÉLAGI Í RÆKTINA!)

ID107

WONLEX

GPSKRAKKAÚR

7.990

WONLEX GPS KRAKKAÚR

- 1.22" LED snertiskjár, tekur micro SIM
- Allt að 10 símanúmer í símaskrá
- Hægt að velja 3 SOS símanúmer
- Með innbyggðri vekjarklukkku
- Viðvörn kemur í síma ef úr er tekið af
- Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
- GEOgírðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
- Allar aðgerðir stjórnaðar úr síma foreldra
- App í boði fyrir iOS og Android

ENGIR TOLLAR.
VERÐ ÁÐUR 4.990

Trust

SENFUS

PRÁÐLAUSIR TAPPAR!

3.990

ÓTRÚLEGT VERÐ!

- Hágæða Bluetooth 4.1 heymartöl
- Kristaltær hjómur og djúpur bassi
- Hnappar til þess að stjórna tónlist
- Hönnuð til að aðlagast að eyranu þínu
- Hleðslurafhláða spilar 4 kst. af tónlist
- Innbyggður hjóðnemi og svarhnappur
- Koma með 3 stærðum af töppum

5 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 14.990

NY KYNSLÓÐ
ÖRÞUNNUR AÐEINS 9.9mm OG 135gr

SEAGATE

2TB UltraSlim

STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI

Þynnsti 2TB ferðaflakki í heimi með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

14.990

ÞYNNSTI 2TB FLAKKARI Í HEIMI!

- Örsjár Seagate USB3.0 ferðaflakki
- Einstaklega falleg Ultra Slim Metal hönnun
- Þynnsti 2TB ferðaflakki í heimi!
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- 200GB skýjahýsing hjá OneDrive fylgir
- Örþunnur og fisléttur 9.6mm og 135 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

2 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 9.990

SEAGATE

1TB Slim

HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI

9.990

FÆST Í 4 LITUM

- Örsjár Seagate USB3.0 ferðaflakki
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

2 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 7.990

WONLEX

GPSKRAKKAÚR

7.990

WONLEX GPS KRAKKAÚR

5 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 29.990

NY KYNSLÓÐ
ÖRÞUNNUR AÐEINS 9.35mm OG 239gr

acer

2TB 12.990

1TB FERÐAFLAKKARI

7.990

SEAGATE

3TB AÐEINS 24.990

4TB PORSCHE FLAKKARI

29.990

LACIE

4 LITIR

TRUST

PRÁÐLAUS MÚS

2.990

6" KOBO

FRÁBÆR LESTÖLVA!

19.990

KOBO TOUCH

3 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 16.990

acer

7" SPJALDTÖLVA

16.990

3TB EXPANSION

3TB USB3 FLAKKARI

19.990

SEAGATE

120GB AÐEINS 7.990

240GB SSD DISKUR

11.990

SP Silicon Power

ENGIR TOLLAR
VERÐ ÁÐUR 7.990

3 LITIR

TRUST

FARTÖLVUBAKPOKI

6.990

ALVÖRU CALLABUXNA (EFNI!)

SPJALDTÖLVUHLÍF

2.990

TRUST

FLEX

FITBIT HEILSUÚR

6.990



TJÁIR HUGARÁSTAND MEÐ DÖKKUM LITUM

Darren Mark Donguiz Trinidad er ekki fyrir bjarta og áberandi liti. Hann blandar gjarnan saman karla- og kvenfötum enda finnst honum fáránlegt að setja skilrúm þar á milli, fyrir honum eru þetta bara föt.

Ullarkápan sem Darren Mark Donguiz Trinidad klæðist hér er hans eigin hönnun. Jersey-kjöllinn er frá Kyrju og buxurnar voru keyptar í verslun Rauða krossins. Skórnir eru frá Clarks og keyptir í MAIA. Hringar eru handgerðir eftir Grétu Þorkelsdóttur. MYND/ERNIR



ÚTSAALA

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR

comma,

SMÁRALIND

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
 Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
 Vera Einarisdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



ÚTSALAN ER HAFIN

Hjú Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjuhrafnhildi.is



Útsalan er hafin 30-50% afsláttur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum





FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft



Peysan er hönnuð og handprjónuð af Darren og er úr mohair, silki og alpakaull. Buxurnar hannaði hann fyrir verkefni með Rauða krossinum. Þær eru saumaðar úr gömlum leðurjökkum og ullarkápu. Skórnir eru Creepers frá Underground. Leðurólar eru einnig eftir hann. MYND/ERNIR

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Einn af mörgum efnilegum nemendum í fatahönnun við Listaháskóla Íslands síðustu árin er hinn 23 ára gamli Darren Mark Donguiz Trinidad. Hann mun útskrifast í vor og fara því næstu mánuðir í að hanna eigin fatalínu eins og tíðkast hjá nemendum á lokaári. Hún mun án efa vekja umtal því sjálfur klæðist hann oft eigin hönnun sem vekur athygli hvert sem hann fer.

Sjálfur segist hann helst klæða sig eftir því hvernig skapi hann er í hverju sinni. „Stíllinn minn einkennist af dökkum litum og samspili eða leik á milli mismunandi áferða, efna og forma, bæði mjúkra og harðra. Ég er ekki fyrir bjarta og áberandi liti en kýs frekar að tjá einhvers konar hugarástand eða afstöðu með dökkum litum, settum saman þannig að þeir myndi áhugaverða heild.“

Honum finnst einnig gaman að blanda saman karla- og kvenfötum. „Mér hefur alltaf fundist fáránlegt að setja skilrúm á milli fatnaðar kynjanna. Fyrir mér eru þetta bara fót og ef flíkin virkar á mig þá bara virkar hún, óþarfi að vera með efasemdir um það. Þótt ég klæði mig eftir skapi finnst mér líka mikilvægt að klæðast fötum sem mér líður vel í og að þau endurspegli karakter minn á einhvern hátt.“

Darren er mjög vandlátur þegar kemur að fötunum sem hann klæðist. „Ef ég finn ekki eitt-hvað sem ég er með í huga þá hanna ég það sjálfur. Mikið af fötum sem ég klæðist daglega er hannað af mér. Þó blanda ég þeim alltaf eða para með einhverju öðru sem myndar mótvægi þannig að heildarmyndin verði mun áhugaverðari.“

Í dag fylgist hann aðallega með tískunni gegnum vefinn. „Ég geri það samt ekki fúslega. Oftast rekt ég á það sem mér finnst áhugavert, frekar en að vera að leita að því. Svo er það líka fólk í



Silki-kimono kemur frá Kyrju og Shearling-kápan er keypt í Spútnik. Buxurnar eru vintage Yves Saint Laurent og skórnir eru Jadons frá

Doc Martens. Leðurólar eru eftir hann. MYND/ERNIR

kringum mann sem getur verið mjög gefandi með því viðhorfi sem það gefur frá sér í gegnum klæðnað. Mér finnst mjög áhugavert hvernig mismunandi fólk notar flíkur á ólíka vegu þannig að þær endurspegli einhvern part af karakter þeirra.“

Hvað einkennir klæðnað karla í dag?

Strákar pæla meira í klæðnaði og eru meira „expressive“. Samt finnst mér karlaföt enn þá vera mjög ferköntuð og flíkurarnar yfirleitt mjög týpískar og því miður óáhugaverðar. En auðvitað getur maður ekki

Ein afurð verkefnisins Misbrigði, samstarfsverkefni nema í fatahönnun og Rauða krossins.



Ein flik úr verkefninu Brands are Dead, Individuality is the Key. Þar völdu nemendur eitt þekkt merki og breyttu flikinni eftir eigin höfði.

ýtt öllum út í að tjá sig meira í gegnum klæðnað. Það sem ég hef tekið mest eftir er að fólk í dag þorir meiru þegar kemur að stíliseringu en áður.

Áttu þér uppáhaldsverslanir?

Kiosk á Laugavegi er mjög áhugaverð búð og gaman að skoða þar. Flottasta verslun sem ég hef farið í er Yohji Yamamoto búðin í Rue Cambon í París. Bæði útlitið á búðinni er flott og auðvitað fötin.

Áttu uppáhaldsflik?

Svarti vintage Shearling-jakkinn hefur fylgt mér undanfarna vetur. Hann verður í uppáhaldi svo lengi sem hann endist. Jakkinn er bæði með flottum „detail-um“ og flottri silúettu.

Bestu og verstu kaup?

Ein af bestu kaupunum er kímónó úr línunni Kyrju eftir Sif Baldursdóttur. Ég get verið í honum bæði á sumrin og á veturna. Hann fellur fallega og ég get parað hann með ýmsum öðrum flíkum. Verstu kaupin fylgja alltaf þeirri hugsun að maður muni örugglega nota flíkina einhvern tíma seinna.

Hvernig verður tískuárið 2017 hjá þér?

Það er ekkert ákveðið í mínum huga, maður breytist alltaf með tímanum og fagurfræðin getur breyst með manni. Ég mun þó alltaf hafa sterkar skoðanir á því hvað virkar og hvað virkar ekki á mig.



SHIMANO

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi



BEETELITE
NeOSHOT



CUBE NUTRAIL PRO 2017

ÚTSALA!

- Allt að 70% afsláttur -

30% afsláttur af CUBE 2016 árgerðum, fatnaði & aukahlutum

15% afsláttur af TACX trainerum



CUBE HYBRID



CUBE RACE



CUBE 29"

Tacx



WWW.TRI.IS

#cube_your_life!

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík



Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

ÚTSALA - ÚTSALA ÚTSALA - ÚTSALA ÚTSALA - ÚTSALA

ÚTSALA ÚTSALA

40 - 50%
afsláttur

Buxur-peysur-kjólar-toppar-bolir
str. 36-56

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Útsalan er hafin

30-50%

afsláttur af allri
útsöluvöru

Opið
virka daga
kl. 11-18
laugardaga
kl. 11-15

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Klíkið á myndir og verð á Facebook



Útsalan er hafin
30-50% afsláttur

Netverslun á tiskuhus.is

Stærðir 38-52

My
Style

tiskuhús



my style



Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464




Valentino vill hafa konur með tvö lítil veski.



Valentino sýndi þetta fallega bleika veski sem fyrirsætan ber um hálsinn. Vor- og sumartiska 2017.




Þessi er með tvö veski, mini-veski og annað aðeins stærra.



Gult veski frá Valentino.



Þetta litla veski frá Hermès hentar kannski helst fyrir einn peningaseðil eða nokkrar krónur.



Hermès var ekkert ólíkt Valentino hvað veski um hálsinn varðar.

LITLAR TÖSKUR VINSÆLAR Í SUMAR

Stóru handtöskurnar sem hafa verið afar vinsælar um lengri tíma eru nú á útleið. Með sumrinu verða kvenveskin ákaflega lítil, svo lítil að þau geta hangið um hálsinn eins og skartgripur. Að minnsta kosti sýndu Valentino, Hermès og Chloé þannig töskur þegar vor- og sumarlinan var kynnt í París.

Alls kyns handtöskur eru vinsælar en þær eru þó flestar mun minni en verið hefur. Mini-töskurnar eru sérstaklega skemmtilegar þótt varla komist meira en eitt kreditkort í þær. Sumir tískuhönnuðir sýndu reyndar töskurnar hangandi í belti en meðal þeirra var Phillip Lim, sem er mjög eftirsóttur hönnuður um þessar mundir. Stundum er sagt að konur séu með búslóðina með sér í þessum stóru töskum en núna þarf sem sagt að geyma hana heima. Aðeins það allra nauðsynlegasta kemst í litla tösku sem hangir í beltinu.

Litlu töskurnar sem sjást á myndunum eru skemmtileg tilbreyting frá stóru töskunum. Það þarf miklar þælingar hjá tísku-

hönnuðum þegar nýjar handtöskur eru gerðar. Hvert smáatriði er útfært, litir og efni. Konur eiga það sameiginlegt að falla fyrir fallegum og dýrum töskum og það vita hönnuðir. Margir þeirra lifa á framleiðslu þeirra eins og Michael Kors sem selur sínar töskur grímt um allan heim.

Þegar handtöskur með merkjum eins og Chanel, Bottega Veneta, Mulberry, Burberry og Hermès eru keyptar þarf að leggja út ansi háa upphæð og þess vegna gera konur kröfur um fallett útlit og góða endingu. Þá má geta þess að bleikur litur verður mjög vinsæll í vor og sumar, jafnt í klæðnaði sem töskum.



Það er **ALVÖRU**
útsala í Zik Zak,
slár með vörum á
dúndur verði, verð
frá 1.000kr!

Opið til
kl 21.00

ÚTSALA
30-80%

afsláttur af öllum útsöluvörum

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS





FRÉTTABLAÐIÐ

KIÓLL
6.995

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA



Fatasöfn er að finna í mörgum af helstu stórborgum Svíþjóðar. NORDICPHOTOS/GETTY

FATALÁN Í STAÐ FATAKAUPA

Fatasöfn fóru að gera vart við sig í Svíþjóð fyrir nokkrum árum. Fyrirkomulagið er svipað og á hefðbundnum bókasöfnum að því undanskildu að notendur fá lánuð föt og fylgihluti í stað bóka.

Fatasöfn er nú að finna í mörgum af helstu stórborgum Svíþjóðar auk þess sem pop-up fatasöfn skjóta reglulega upp kollinum. Markmið þeirra er að nýta þann fatnað sem er í umferð betur og draga úr neyslu og þar með umhverfisáhrifum fataiðnaðarins. Fyrirkomulagið sparar peninga auk þess sem notendur fá útrás fyrir þá upplifun að klæðast nýrri flík sem margir sækjast eftir án þess að það kosti mikið eða nokkuð.

Hugmyndin er að fólk þurfi ekki endilega að eiga fötin sem það klæðist og eins að það geti klætt sig með fjölbreyttari hætti en ella. Þá skiptir einnig máli að sem flestir hafi aðgang að tiskuvörningi gegn lágu og jafnvel engu gjaldi.

Fyrirkomulagið er mismunandi eftir söfnunum. Sums staðar kemur fólk með þrjár flíkur að heiman og fær þrjár aðrar í skiptum. Annars staðar þarf ekki að leggja neitt af mörkum heldur er einungis hægt að fá lánað. Sums staðar þarf að kaupa fatasafnskort en annars staðar er lánið ókeypis. Hversu lengi má hafa flíkurarnar að láni er mjög mismunandi, allt frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði. Eina skilyrðið er að skila þeim heilum og hreinum.

Það er misjafnt hvernig fatasöfnin byggja upp lagerinn. Skipti-fyrirkomulag er sem fyrr segir sums staðar við lýði en annars staðar byggist lagerinn að einhverju leyti upp á gjöfum einstaklinga


og fataframleiðenda. Filippa K fer þar fremst í flokki en árlega gefur framleiðandinn föt úr nýjustu fatalínunni. Filippa K, sem er í grunninn sænskt merki, er með yfirlýsta umhverfisstefnu og leggur upp úr því að framleiða endingargóðar flíkur.

Með því að gefa hluta framleiðslunnar til fatasafnsins undirstrikar fyrirtækið endingu og gæði fatnaðarins. Flíkurarnar á fatasöfnunum eru því síður en svo alltaf vintage eða dottnar úr tísku. Talsvert er um að tísku- en umhverfismeðvitadír einstaklingar nýti sér þjónustu safnanna til að geta endurnýjað innihaldið í fataskápnum með reglubundnu millibili án þess að auka neysluna.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup júl.-sep. 2016

Allt sem þú þarft ...



DIANE KEATON ER 71 ÁRS

Fjórutíu ár eru síðan bandaríska leikkonan Diane Keaton lék eitt sitt frægasta hlutverk, Annie Hall, í samnefndri kvikmynd Woody Allen en myndin kom út árið 1977. Keaton er fædd 5. janúar árið 1946 og á því sjötíu og eins árs afmæli í dag.

Leikferill Diane Keaton hófst á leiksviði. Hún sást fyrst á hvíta tjaldinu árið 1970. Fyrsta bitastæða hlutverkið hennar var Kay Adams Corleone í Guðföðurnum árið 1972 en eftir að hún kynntist Woody Allen og lék í myndum hans Play it again Sam, Sleeper, Love and death og loks Annie Hall, mótaði hún stíl sinn sem gamanleikkona. Fyrir hlutverk sitt sem Annie Hall fékk hún Óskarin.

Woody Allen og Diane Keaton áttu í sambandi með hléum á þessum árum og á Woody að hafa byggt hlutverk Annie á persónuleika Diane sjálf. Diane sjálf.



Diane Keaton sló í gegn sem hin skandna Annie Hall í samnefndri kvikmynd Woody Allen. NORDICPHOTOS/GETTY

Annie státar meðal annars af sérstökum fatastíl og komu sumir búninganna úr fataskáp Diane. Víðar karlmansbuxur og vesti, jakkaföt, hálsbindi og hattar ein-kenna Annie og eftir að

myndin kom út urðu buxnadráttir og karlmansföt vinsæl meðal kvenna. Diane hefur gegnum tíðina verið hrifin af „herralegum“ fatnaði, jakkafötum, rúllukragapeysum og sést oftar en ekki með hatt.

www.wikipedia.org

HOLLARI KOSTUR

í SNAKKI

Gluten frítt • Allt náttúrulegt • Loft poppað



HENTAR VEL Í ÁTAKINU

 [POPCORNERSICELAND](https://www.facebook.com/POPCORNERSICELAND)



Desember 2016

Október 2016

SKÍNANDI STAR WARS-STJARNNA

Breska leikkonan **Felicity Jones** (33) hefur starfað við leiklist í yfir tuttugu ár. Hún hefur leikið í gæðamyndum og hlotið fyrir verðlaun og lof gagnrýnenda. Það eru hins vegar tvær síðustu myndir hennar, *Inferno* og *Star Wars Rogue One*, sem hafa fest hana í sessi á stjörnuhimninum í Hollywood.



Desember 2016

Felicity Jones vakti verðskuldaða athygli á rauða dreglinum árið 2015 þegar hún var tilnefnd til Golden Globe-, SAG-, BAFTA- og Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt sem Jane Hawking í *The Theory of Everything* sem fjallar um vísindamanninn Stephen Hawking. Með það sama varð hún eftirsótt meðal leikstjóra sem allir kepptust við að fá hana til starfa. Tvö næstu verkefni hennar voru sannkallaðar stórmyndir, annars vegar *Inferno*, gerð eftir bók Dan Brown þar sem hún leikur á móti Tom Hanks, og hins vegar hin geysivinsæla *Star Wars Rogue One* sem frumsýnd var í desember síðastliðnum en þar leikur hún hörkukvendið Jyn Erso.

Jones á langan og farsælan feril að baki. Sítt fyrsta hlutverk fékk hún 12 ára gömul í sjónvarpsmyndinni *The Treasure Seekers* þar sem hún lék á móti Keiru Knightley. Hún hefur

starfað við leiklistina síðan, fyrir utan nokkur ár sem hún tók sér frí til að stunda nám í ensku við háskóla.

Hún hefur lengi verið nafntoguð innan bransans og leikið með stórleikurum á borð við Jennifer Lawrence í rómantísku gamanmyndinni *Like Crazy* (2011). Í þeirri mynd þurfti hún sjálf að sjá um hár og fördun og samtöl-in voru flest spunnin. Einnig lék hún á móti Ralph Fiennes í *The Invisible Woman* þar sem hún lék viðhald Charles Dickens.

Meðal annarra mynda hennar má nefna *Northanger Abbey* (2007) *Brideshead Revisited* (2008), *The Tempest* (2010) og *Chalet Girl* (2011) en fyrir þá mynd stundaði hún brettanám í tvo mánuði og vann undir dulnefni í skíðaskála.

Felicity Jones tekur sig vel út á rauða dreglinum en hún hefur einnig tekið þátt í ákalli *#AskHerMore* þar sem fjölmiðlar eru hvattir til að spyrja konur út í fleira en kjóla þeirra.

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM



PRENTUNIS



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18 • Dalbraut 1



Heilsaðu hamingjunni

Solaray er hágæða vítamín- og bætiefnalína sem unnin er úr jurtum. Á hverjum degi vinnum við með náttúruleg hráefni sem geistar sólarinnar hafa skapað og fyllt orku. Þannig tryggjum við þér hrein vítamín og bætiefni með mikla virkni.

Finndu þinn sólargeisla í næstu heilsuvörverslun eða apóteki.



BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



DÍSEL
VOLVO S60 R-DESIGN. Árg.2012,ek. aðeins 76.þ km,dísel, beinskiptur.Verð 2.990.000. Rnr.128658,er á staðnum.



DÍSEL
M.BENZ E 200 CDI AVANTGARDE PANORAMA. Árg.2012,ek.88.þ km,dísel,sjálfskiptur, leður,gljerpak ofl. Verð 4.680.000. Rnr.128652,er á staðnum.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

Toyota Kaupúni



TOYOTA Yaris h/b live. Árg.2016, ekinn 25 PKM, bensín, 5 girar. Verð 1.960.000. Rnr.990641.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6, 210 Garðabær
Sími: 570 5070
www.toyotakaupuni.is



VW Polo Comfortline, 9/2006, ek 95 þús km, bensín, bsk, verð 690 þús, er á staðnum, raðnr 152825

100 bílar ehf
Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15
www.100bilar.is

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er rök og vandvirk. Upplýsingar í síma 845 6231, Margrét.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

Símaspá, spá í spil. Tímabantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Lögildur rafverktaki. rafnisti@simnet.is


Uppsetning og Þjónusta

Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar

Loftnetstaekni.is
S: 894 2460.

KEYPT & SELT

Óskast keypt



Óska eftir að kaupa verk eftir Kristján Davíðsson ca. frá árunum 1995 til 1999 og einnig verkum eftir Georg Guðna. Nánari upplýsingar í síma 770-3111 Netfang: smintarnarsson@gmail.com

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Til bygginga

TEIKNINGAR - BURÐARPOL

Gerum burðarvirkisteikningar fyrir byggingar og mannvirki í öllum stærðum og gerðum. Mikil reynsla og sérhæfing. Fóst verð. Fyrirspurnir sendist á vrr@vrr.is

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Byð upp á heilnudd og slökun. Áfslappandi og gott umhverfi. Opíð til 22 á kvöldin. 201 Köp. S. 894 4817



Vissir þú að...
börneiga rétt á
nægum sveti ni

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



ÍSLENSKA F. ÚTLENDINGA -ENSKA

ICELANDIC I, II, III. ENSKA f. Fullorðna -ENGLISH f. Adults. Byrja/Start: 9/1, 6/2, 6/3, 3/4, 1/5, 29/5, Morgna/Síðd/Kvölds. Morn/Aftern/ Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2-5 nem/students - www.iceschool.is. ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!
á minna en 7 m². Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Hönnun



HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

ATVINNA

Atvinna í boði

GINGER

GINGER
óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Unnið er frá 10:00-17:00. Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða hafðu samband í síma 780-1980.

KORNID/FJARÐARBAKARÍ
Starfsfólk vantar í hlutastarf á Tjarnarvöllum og Dalshrauni á virkum dögum í vetur. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

KORNID/FJARÐARBAKARÍ

Starfsfólk vantar í hlutastarf aðrhvora helgi í bakaríni okkar. Hentar vel skólafólki. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is



Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt kvöldstarf eða í 770-2277

Óskum eftir smíðum, kranamönnum og vönum mönnum í flekaupplátt. Uppl. í s. 783 6006



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið

Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00



Námskeiðin hefjast 9 og 10. janúar
Verð á mann 25.500.-

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spænskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

GENERAL HJÓLBARÐAR
• Hjólbardaviðgerðir
• Smurþjónusta
• Bremsur
• Demparar
• Rafgeymar
• o.fl.
Gylfafiöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

Húsarif • Jarðvinna • Uppsláttur
Steypusöggun • Kjarnaborun • Múrbrot
PRIMA
S: 555-1819 / 852-5804 / 852-5808
prima@primaehf.is

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímá pantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 696 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRITT
Gólf list
Parketlagnir og viðhald

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

atvinna

ATVINNA

STÖRF Í BOÐI HJÁ RÚMFATALEGERNUM Á SMÁRATORGI

Óskum eftir að ráða deildarstjóra til starfa í verslun okkar á Smáratorgi. Einnig viljum við ráða áfyllinga- og afgreiðsufólk til starfa í sömu verslun. Þjónustulund, áræðni, skipulags-hæfileikar og dugnaður eru skilyrði.



Vinsamlegast sendið ferilskrá á ivar@rfi.is eða fyllið út umsókn á staðnum.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar.



styrkir

Styrkir VIRK



Virki Starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna.

Framkvæmdastjórn VIRK úthlutar styrkjum tvisvar á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum fyrir 15. janúar eða 15. ágúst ár hvert.

Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar í framhaldinu af framkvæmdastjórn VIRK, í mars og október, að fenginni umsögn frá sérfræðingum VIRK.

Sérstaklega verður horft til virkniúrræða miðuðum að ungu fólki og til rannsóknar- og þróunarverkefna tengdu ungu fólki í styrkveitingum VIRK árið 2017.

Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir á styrkjum til VIRK og umsóknareyðublöð má finna á www.virk.is

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2017.

útboð

ONRS-2016-21/ 05.01.2017

Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

Háþrýstipvott á kæliturenum og öðrum búnaði

Um er að ræða hreinsun á einum kælitureni við Nesjavalla-virkjun og sjö kæliturenum við Hellisheiðarvirkjun ásamt öðrum tilfallandi hreinsunarverkefnum.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONRS-2016-21 Háþrýstipvottur á kæliturenum og öðrum búnaði“

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með fimmtudeginum 05.01.2017 á vefsíðu OR <https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016>

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 23.02.2017 kl. 11:00.

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is



fasteignir



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000

BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is



DALBRAUT 6, LAUGARVATNI

Spennandi viðskiptatækifæri við Gullna hringinn. Til sölu 281,8 fm, fasteign með fullbúnu veitingahúsi á besta stað á Laugarvatni.

Um er að ræða nýlega endurnýjað veitingahús með sólriku útsvæði fyrir gesti sem nýfist vel á sólrikum sumardögum. Staðurinn sem er fullbúin tækjum og húsgögnum hefur veitingaleyfi í flokki III fyrir allt að 200 manns. Hér er um að ræða einstaktækifæri fyrir duglegt fólk að ganga inn í fyrirtæki í ferðaþjónustu með einstaka staðsetningu á Suðurlandi. Stækkunarmöguleikar fyrir hendi.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Guðmundur H. Valtýsson
fasteigna-, fyrirtækja- og skipsali.



BREKKUSTÍGUR 26, REYKJANESBÆR

Til sölu 1.887 fm iðnaðarhúsnæði, áður rækjuverksmiðja Saltvers sem stendur á 4.875 fm athafnalóð í Reykjanesbæ.

Húsið stendur við Brekkustíg í Njarðvík þar sem stutt er út á Reykjnesveg. Húsið skiptist í stóra iðnaðarsali með góðri lofthæð og innkeyrsludryrum. Góð malbikuð aðkoma er að húsinu, næg bílastæði. Afgirt athafnasvæði er við húsið. Laus við kaupsamning.



GUÐMUNDUR H. VALTÝSSON
löggiltur fasteignasali.
GSM 865 3022
guðmundur@stakfell.is

tilkynningar



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Könnun á áformum markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarskiptainniða

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Sveitarfélaginu Hornafirði Mýrum, Nesjum og í Lóni, sem veita á öruggt þráðbundnið netsamband í dreifbýli sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja, sem staðsett eru í dreifbýli Sveitarfélagsins Hornafjarðar, til boða að tengjast ljósleiðaranum. Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

Auglýst er eftir:

A. Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði (utan þéttbýlis) á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.

B. Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A. hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tiltekna kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkætlan o. fl.

C. Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainniða í Sveitarfélaginu Hornafirði sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til Sveitarfélagsins Hornafjarðar á netfangið bjorningi@hornafjordur.is fyrir kl. 12:00 þann 9. janúar 2017. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið: bjorningi@hornafjordur.is

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð né þá sem sýna verkefninu áhuga.

Björn Ingi Jónsson
bæjarstjóri, Sveitarfélagsins Hornafjarðar



HJÁ OKKUR

4BLS
KIPPA ÚT :)

TT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

NITRO
DRAUMAFARTÖLVA FRÁ ACER

VN7-572G

Ný kynslóð úr úrvalsdeild Acer með Soft-touch metal finish, Dolby 4.0 hljóðkerfi, öflugu leikjaskjákorti, USB 3.1 Type-C og alla nýjstu tækni!

- Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Pláss fyrir auka disk
- 15.6" FHD IPS ComfyView 1920x1080
- 4GB GeForce GTX 950M leikjaskjákort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 867Mbps WiFi AC MIMO, BT 4.0, USB-C 3.1
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

149.990
ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

E5-553

T536

20 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 119.990

AMD A10-9600P Quad Core 3.3GHz Turbo

- 8GB DDR4 DUAL 1866MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Pláss fyrir auka disk
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R5 Bristol Ridge Gen7 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony 4W RMS hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT4, USB-C 3.1
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

99.990
VINSÆLASTA FARTÖLVAN OKKAR!]

SWIFT7

SF713

40 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 219.990

Intel Core i5-7Y54 3.2GHz Turbo 7th Gen

- 8GB DUAL DDR3 1866MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
- 13.3" FHD IPS Ultra Thin 1920x1080
- 2.0 Dolby Audio Premium hljóðkerfi
- Demantskorin Wide Precision snertiflötur
- 1732Mbps WiFi MU-MIMO, BT4, USB-C 3.1
- Pynnsta fartölva í heimi aðeins 9.98mm
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

179.990
PYNNSTA FARTÖLVA Í HEIMI!

SPIN5

SP513

NÝ KYNSLÓÐ 360° FARTÖLVA

Fjölhæf lúxusfartölva með nýjstu kynslóð Intel örgjörva, öflugara þráðlausu neti og IPS fjölsnertiskjár sem hægt er að snúa 360°

- Intel Core i5-7200U 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
- 13.3" FHD IPS fjölsnertiskjár 1920x1080
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- Baklýst chiclet lyklaborð og fjölsnertiflötur
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

129.990
MEÐ I7 OG 512GB SSD AÐEINS 169.990

SP540

HÁGÆÐA HEYRNARTÓL

ENGIR TOLLAR
VERÐ AÐUR 24.990

Stórglæsileg lokuð heymartól frá Koss

- 10-25.000 Hz tíðniðssvið
- Púðar aðlagast fyrir hámarks þægindi
- Einstaklega góð hljóðeinangrun
- Hægt að brjóta saman heymartól
- Ný tækni sem skilar góðum hljóðburði
- 1.4m útskiptanleg snúra með 3.5mm tengi

19.990
KRISTALTÆR HLJÓMUR

KUGELBT

HÁGÆÐA 2.0 HLJÓÐKERFI

ENGIR TOLLAR
VERÐ AÐUR 49.990

Mögnuð hljómgæði í þessu ótrúlega 2.0 Bluetooth hljóðkerfi frá Thonet & Vander með ofur öflugum 6.5" Rage Bass bassakeilum og hárnákvæmum silki tweeter.

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 140W RMS og 40Hz - 20kHz tíðniðssvið
- Rage Bass 6.5" bassakeilur í viðarboxi
- Hárnákvæmur 1" tweeter úr 100% silki
- Óaðfinnanlegur hljómur yfir allt tíðniðssviðið
- BT 4.0, RCA og ljósleiðara inngangar
- Þráðlaus fjarstýring með Equalizers
- Kristaltær tónlist, kvikmyndir og leikir

39.990
BLUETOOTH ÞRÁÐLAUST

40" SJÓNVARP

4K NETFLIX SNJALLSJÓNVARP

40" SALORA

4K NETFLIX

ULTRA HD 3840x2160
SNJALLARA SJÓNVARP
MEÐ INNBYGGDU 4K NETFLIX

- Hágæða 40" snjallara 4K snjallsjónvarp
- 1000Hz CMP 4K Ultra-HD 3840x2160
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- 300.000:1 Dynamic skerpa(4000:1 Native)
- Innbyggð Netflix, Youtube, Facebook o.fl.
- Fullkominn USB UHD Media spilar H.264
- 20W RMS Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 4xHDMI (2x2.0), 1xScart, 3xUSB, nettengi

59.990
4K UHD NETFLIX SJÓNVARP

27" QHD IPS

QUAD HD SKJÁR

20 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 89.990

27" IPS WQHD 2560x1440p skjár

- 1000:1 Native skerpa, Flicker-free
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Fullkominn 100% sRGB réttir litir
- HDMI, Displayport, DVI-DL og VGA
- UltraFlex upphækkanlegur fótur

69.990
PENNAN VERÐUR ÞÚ AÐ SJÁ :)

ConiaOne

STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA

B3-A30

Ný kynslóð enn öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með 10" HD IPS fjölsnertiskjár með Zero Air Gap og Anti-fingerprint tækni.

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
- Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
- 16GB flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps þráðlaust net, BT4.0, GPS
- Li-Polymer rafhláða allt að 10 tímar
- 2.0 Premium DTS HD hljóðkerfi
- Tvær FHD vefmyndavélar 5MP og 2MP
- Android 6.0 Marshmallow og fjöldi forrita

24.990
NÝ KYNSLÓÐ FRÁ ACER!

iPhone 6 SKJÁR

SKJÁPAKKI MEÐ VERKFÆRUM

LÁTTU OKKUR UM VINNUNA
VERÐ AÐEINS 4.990

iPhone 6 LCD skjár og snertiskjár

- Öll helstu verkfæri fylgja pakkanum
- Sérhannað plasttöl til að opna símann
- Spudger tól til að festa snúrur
- Pentalobe 5-punkta skrufjárn
- Phillips #000 sérhannað skrufjárn
- Smá sogskál til að taka glerið af
- Video leiðbeiningar í boði iFixit

16.990
IPHONE 4S 7.990 | 5 14.990

J4120DW

brother

at your side

A3

PRENTAÐU LÖGMYNDIRNAH
ÍPS STYRÐ

Þessi gerillur ALLT
Í NESTUM PÚÐI

- Hágæða þráðlaust A4/A3 fjölnotatæki
- Prentar allt að 18 bls/min, 16 bls/min í lit
- 4 hagkvæm hylki, fánæg allt að 1200 bls
- 6000x1200 dpi prentari og 2400 dpi skanni
- 150 bls A4 bakki og A3 bak-matari
- Duplex sjálfvirk tvíhliða prentun, 6bls/min
- 4.5cm lita snertiskjár fyrir allar aðgerðir
- Þráðlaust WIFI / Airprint / Cloud Print
- USB 2.0 tengi, PC, MAC og LINUX

19.990
HINN FULLKOMNI PRENTARI!

28" VALED

FLICKER-FREE SKJÁR!

28" VA-LED FHD 1920x1080 skjár

Stórglæsilegur VA-LED skjár með 178° True To Life sjónarhorn og Wide Color Gamut sem er algjör bylting í myndgæðum og skerpu á ótrúlegu tilboði :)

- 28" VA-LED FHD 1920x1080 skjár
- 3000:1 native skerpa og True 8-bit litir
- 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- Flicker-free og Low Blue Light tækni
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Einstök myndgæði með Wide Color Gamut
- 2x HDMI 1.4, VGA, HDMI kapall fylgir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek :)

34.990
22" 19.990 | 24" 24.990

4G DUAL SIM

TEKUR SÖMORT
FRÁ ÖLLUM
SÍMFERLUGUM

7" MOBIL

GPS

12.990

FYRIR POKÉMON GO!

CHROMECAST 2

2nd GEN

GOOGLE

BREYTTU SJÓNVARPINU
Í SNJALLSJÓNVARP
MEÐ NETFLIX VÍÐMIÐI
CHROMECAST 2

6.990

CHROMECAST 2

FM SENDIR Í BÍLA

FMT500

FM SENDIR
FYRIR BÍLA
SPILAR AF SÍMA, USB
LYKLI EDA SD MINNIS-
KORTUM!

6.990

FM SENDIR Í BÍLA

SNERTIHANSKAR

1.990

TIL Í ÖLLUM
STÆRÐUM
S-M-L-XL

1.990

SNERTIHANSKAR

FERÐARAFHLAÐA

P40 4400mAh

ENGIR TOLLAR
VERÐ AÐUR 2.990

S-P Silicon
Power

2.490

FERÐARAFHLAÐA

PEBBLE TIME

VERÐ FRÁ 19.990

pebble

19.990

PEBBLE TIME

NET YFIR RAFMAGN

2.STK 600Mbps

TRENDNET

Ertu í
ivandræðum
með þráðlausá
netið?

9.990

NET YFIR RAFMAGN

16GB MINNISLYKILL

3 LITIR

16GB USB3

S-P Silicon
Power

128GB 14.990
64GB 7.990
32GB 3.990

1.990

16GB MINNISLYKILL

BENQ SKJÁVARPI

ENGIR TOLLAR
VERÐ AÐUR 89.990

MX507

69.990

BENQ SKJÁVARPI

BÍLA HLEÐSLUTÆKI

2X USB
TENGIST Í SÍGA-
RETTUKVEIÐJARA
4200mAh

3 LITIR

Trust

2.990

BÍLA HLEÐSLUTÆKI

LEIKJADEILDIN

NÝ OG GLÆSILEG LEIKJADEILD Í HALLARMÚLANUM

NÝTT VR HERBERGI Í HALLARMÚLANUM KOMDU AÐ PROFA :)



XL2411

JANÚAR TILBOÐ
VERÐ AÐUR 49.990

ZOWIE

24" 3D LED
144Hz 3D SKJÁR

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbettri sýn!

44.990
VINSÆLASTI LEIKJASKJÁRINN OKKAR!

XL2540

240Hz
ALGJÖRLEGA NÝ
UPPLIFUN!

20 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 99.990

ZOWIE

25" LED
240Hz eSports SKJÁR

- Sérhannaður 240Hz LED leikjaskjár
- 25" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og 20 stiga ColorVibrance
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- DisplayPort, 2x HDMI 2.0 og DVI-D DL
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- S. Switch og hlíðarhlifar fytgjia með!

79.990
240Hz FYRIR ATVINNUSPILARA!

GIGABYTE
GAMING TÖLVUTILBOÐ 2

Sjöunda kynslóð leikjurtana frá GIGABYTE með Kaby Lake örgjörva og móðurborði með hraðari M.2 SSD disk, USB 3.1 og alla nýjustu tækni.

- Thermaltake H25 Window leikjurtan
- Intel i5-7400 Kaby Lake Quad 3.5GHz Turbo
- GIGABYTE Kaby Lake B250 móðurborð
- 8GB DUAL DDR4 2400MHz hágæða minni
- 256GB SSD M.2 Plextor M7V diskur
- 3GB GTX 1060 Windforce leikjaskjåkort
- 7.1 HD Audio með Noise Guard
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

179.990
NÚ MEÐ INTEL KABY LAKE!

ENGIR TOLLAR
VERÐ AÐUR 11.990

ESL

Plantronics

RIG500
LEIKJAHEYRNARTÖL

- e-Sports leikjaheymartöl frá Plantronics
- Hönnuð fyrir leiki og mælt með af ESL
- Dúnnjúkir memory foam þúðar
- Kraftmikil bassi með 40mm driver
- Hljóðeinangrandi Flip-to-mute MIC
- Spöng sem lagar sig að höfuðlagi þínu
- Hægt að skipta um flestar einingar

9.990
FYRIR PS4 OG XBOX 12.990

GIGABYTE

Z270 K3
GIGABYTE GAMING MÓÐURBORÐ

- Intel 1151 Kaby Lake Z270 móðurborð
- 4x DDR4 3866+MHz, allt að 64GB
- NVMe Gen3 M.2, 6x SATA3R, 2xExpress
- 2-Way CrossFire Multi-Graphics
- 7.1 HD ALC1220 skermuð hljóðstýring
- USB-C&A 3.1 Gen 2, meiri kraftur & hraði!
- Killer E2500 GbE online leikjanetkort
- Ambient Surround LED lýsing

27.990
NÆSTA KYNSLÓÐ ER LENT!

10 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 79.990

8GB 8GHz MINNI!
LEIÐLAUS 8GHz 8GB GDDR5

G1 GAMING

GTX1070
G1 GAMING LEIKJASKJÁKORT

Loksins er næsta kynslóð skjákorta lent! GIGABYTE G1 Gaming er með 0dB silent víftu sem fer aðeins í gang við krefjandi notkun, metal bak, og forritanlega RGB lýsingu

- Nýjasta leikjaskjákortið frá Gigabyte!
- 8GB GDDR5 8GHz 256-bit minni
- SUPER OC 1822Mhz ásamt Nvidia boost 3.0
- DirectX12, GameStream og VR Ready!
- 1920 CUDA cores og 120T.U. fyrir leiki
- 3x 8K Display Port 1.4, HDMI 2.0 og DVI-D
- 16.7 milljón lita forritanleg RGB lýsing
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni

69.990
GTX 1060 FRÁ 34.990 | GTX 1080 G1 119.990

JANÚAR TILBOÐ
VERÐ AÐUR 14.990

100% KEPPNIS
LEIÐLAUS LEIÐLAUS

EC SERIES
FYRIR ATVINNUSPILARA

- Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3310 LED Optical sensor
- 5 hnappar með hágæða Omron svissum
- Virkar fullkomlega án hugbúnaðar
- Hægt er að stílla DPI frá 400 til 3200
- Fullkomin lift-off fjarlægð og Palm grip
- Ómissandi í FPS tölvuleiki eins og CS:GO

12.990
TILBOÐ MEÐ XL2411 AÐEINS 9.990

CHERRY MX SWITCHES
LEIÐLAUS LEIÐLAUS

100% KEPPNIS
LEIÐLAUS LEIÐLAUS

DUCKYONE
FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU

- Ducky ONE mekanískt lykklaborð
- Laser tvískorið og upplýst íslenskt letur
- Cherry MX bláir, rauðir eða brúnir svissar
- ABS DS hnappar sem eyðast ekki
- Flytatakkar fyrir allar helstu aðgerðir
- Full N-Key rollover fyrir leikina
- Ótrúleg forritanleg LED baklýsing
- Dual Layer PCB eykur líftíma

19.990
UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR!

GXT 540
4.990

TRUST
GXT-540

STYRIPIPPI
VIRKAR MEÐ PLAYSTATION 3, PC & STEAM OS!

GAMING STYRIPIPPI

GXT 288
14.990

TRUST
GXT-288

STYRI MEÐ BÍÐUM OG PEDÖLUM, VIRKAR MEÐ BÆÐI PC OG PS3!

LEIKJASTYRI OG PEDALAR

ARENA
59.990

AROZZI
ARENA

LEIKJASKRIFBORD
ÞAKIÐ HON SLIP MÚSAMOTTU!

LEIKJASKRIFBORD

PREDATOR GAMING
ÓFLUG LEIÐLAUS SPALDÖLVA
MEÐ 4.0 SURROUND
TALTLURUM OG
VIBRATION MOTORS

GT-810 V2
49.990

PREDATOR
GT-810 V2

GAMING SPJALDTÖLVA

10 PÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ AÐUR 39.990

GEAR4U
29.990

GEAR4U
29.990

LEIKJASTÓLAR



OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:00

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

HRADSENDUM
500KR
ALLAR VÖRUR HEIM
SAMDAGURS*

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAD ER FYRIR KL. 15:00;

Mun norskt genaregn eyðileggja íslenska laxinn?



Arnar Pálsson
erfðafræðingur

Í fyrra voru framleidd um 8.000 tonn af eldislaxi hérlendis. Hugmyndir eru um margfalda framleiðsluaukningu, í 60.000 til 90.000 tonn á ári. Til samanburðar er um helmingur eldislax á heimsvísu (um 1,3 milljónir tonna) framleiddur á hverju ári í Noregi. Eðlilegt er að horfa til reynslu Norðmanna og kanna hvort og hvernig byggja má upp laxeldi hérlendis, því fjárhagslegur ávinningur virðist umtalsverður. Ég tel mikilvægt að skoða einnig umhverfisáhrif eldis. Norðmenn komust fljótt að því að laxeldi hefur neikvæð umhverfisáhrif, og ber þar helst að nefna mengun umhverfis, laxalús og erfðamengun. Hið síðastnefnda er til umræðu hér. Villtum laxastofnum hefur hnignað á síðustu öld, vegna áhrifa ofangreindra þátta og annarra. Töluvert hefur áunnist í að draga úr áhrifum sumra þessara þátta, en erfðamengun er mun erfiðari viðfangs.

Norskur eldislax er ræktaður stofn, með aðra erfðasamsetningu en villtur lax. Með kynbótum í fjölda kynslóða var valið fyrir eiginleikum sem gera hann heppilegan í eldi, t.d. stærð, kynþroska og vaxtarhraða. Á Íslandi hófust kynbætur á laxi á síðustu öld, en þeim var hætt þegar ljóst var að norsk laxinn óx mun hraðar og betur. Allur eldislax hérlendis er norskur að uppruna.

Kynbætur breyta erfðasamsetningu tegunda. Ákveðin gen, sem eru fátíð í villtum laxi, jukust í tíðni við ræktun eldislaxins. Því er hann erfðafræðilega frábrugðinn villtum stofnum í Noregi og á Íslandi. Norskir erfðafræðingar skoðuðu í fyrra erfðabreytileika í 4.500 genum í villtum laxi og eldislaxi. Út frá þessum upplýsingum mátu þeir erfðamengun í villtum stofnum. Rannsóknin náði til rúmlega 20.000 fiska í 125 ám, frá Suður-Noregi til Finnmerkur. Þeir fundu ákveðnar erfðasamsætur sem einkenna eldislax og athuguðu hvort þær mætti finna í villtum laxastofnum og hversu algengar þær væru. Þannig var hægt að meta erfðablöndun í hverjum villtum stofni, á skalanum 0 til 100 prósent.

Niðurstöðurnar eru skýrar. Einungis þriðjungur stofnanna (44 af 125) var laus við erfðamengun. Annar þriðjungur stofnanna (41) bar væg merki erfðablöndunar, þ.e. innan við 4% erfðamengun, og þriðji parturinn (40) sýndi mikla erfðablöndun (þ.e. yfir 4%). Sláandi er að 31 stofn var með 10% erfðamengun eða meiri. Flestir menguðustu stofnanir voru á vesturströndinni þar sem flestar fiskeldisstöðvar eru. Mikið mengaðir stofnar fundust einnig syðst og nyrst í Noregi. Vísindamennirnir reyndu ekki að meta áhrif erfðamengunar á lífvænleika stofnanna, en aðrar rannsóknir benda til þess að þau séu neikvæð. Ástæðan er sú að villtir stofnar sýna margháttada aðlögun að umhverfi sínu, í tilfalli laxa bæði að ferskvatni og sjógöngu. Eldisdýr eru valin fyrir ákveðna eiginleika, og viðbúið að þau standi sig illa í villtri náttúru (hvernig spjara alísvín sig í Heiðmörk?). Eldislaxar hafa minni hæfni í straumvatni eða sjógöngu. Sama má segja um afkvæmi sem þeir eignast með villtum fiski.

Erfðamengun byggist á genaflæði á milli hópa. Genafæði er eðlilegur hluti af stofnerfðafræði villtra tegunda, en þegar genaflæði er frá ræktuðu afbrigði í villta tegund er hætta á ferðum. Hættan

er sérstaklega mikil þegar ræktaði stofninn er miklu stærri en sá villti. Það er einmitt tilfallið í Noregi. Þar er um 2.000 sinnum meira af laxi í eldisstöðvum en í villtum ám. Þótt ólíklegt sé að eldisfiskur sleppi, eru stöðvarnar það margar að strokufiskar eru hlutfallslega margir miðað við villta laxa. Meðalfjöldi strokulaxa sem veiddir eru í norskum ám er um 380.000 á ári. Ef stór hluti hrygnandi fisks í á er eldisfiskur, er hætt við að erfðafræðilegur styrkur staðbundna stofnsins minnki.



Kynbætur breyta erfðasamsetningu tegunda. Ákveðin gen, sem eru fátíð í villtum laxi, jukust í tíðni við ræktun eldislaxins. Því er hann erfðafræðilega frábrugðinn villtum stofnum í Noregi og á Íslandi.

Er hætta á að genamengun frá norskum eldisfiski spilli íslenskum laxi? Því miður er hættan umtalsverð. Villtir íslenskir og norskir laxar eru ekki eins, því að a.m.k. 10.000 ár eru síðan sameiginlegur forfaðir þeirra nam straumvötn sem opnuðust að lokinni isöldinni. Munurinn endurspeglar að einhverju leyti sögu stofnanna og ólíka aðlögun að norskum og íslenskum ám. Eldislaxinn er lagaður að norskum aðstæðum og eldi, og hætt er við að blendingar hans og íslenskra

fiska hafi minni hæfni við íslenskar aðstæður.

Í ljósi víðtækra hugmynda um aukið laxeldi, t.d. á Vestfjörðum, er eðlilegt að kalla eftir varúð og vandadri vísindalegri úttekt á hættunni á erfðablöndun, ekki bara á innfjörðum heldur einnig á Vestur- og Norðurlandi. Örugasta eldið er í lokuðum kerfum, sem eru að ryðja sér til rúms erlendis, og mun auðvelda fiskeldisfyrirtækjum að fá vottun fyrir umhverfisvæna framleiðslu.

NÝTT **Í KVÖLD KL. 20:30**

Flúr & Fólk

Í kvöld hefur göngu sína ný íslensk þáttaröð, á Stöð 2, þar sem fylgst er með 12 einstaklingum sem eru með gömul húðflúr, ör sem þeir vilja láta þekja með flúri eða eru reiðubúnir til að leyfa listamönnum að ráða. Við kynnumst meðal annars fyrrverandi björgunarsveitarmanni sem fær flúr yfir ör eftir slæmt slys, manni sem fékk sér flúr í heimahúsi í Búðardal sem hann var aldrei ánægður með og sveitastelpu sem elskar litrík flúr og er tilbúin til að fá nánast hvaða flúr sem er.

NÝ PRENTUN
KOMIN Í VERSLANIR

Ævisaga Ladda

Þróunarsaga mannsins
sem kom okkur til að hlæja

„Allt í senn fróðleg, dramatísk,
hjartnæm og bráðfyndin lesning.
Ég hló og grét á víxl.“

- Edda Björgvinsdóttir leikkona

„Einstök bók. Öðruvísi en allar
aðrar ævisögur sem ég hef lesið.“

- Sigurður Sigurjónsson leikari

„Skemmtilega skrifuð bók og fróðleg
um drenginn sem við öll elskum.“

- Björn Georg Björnsson leikmyndahönnuður



MYNDFORM



Varnarræða næstu kynslóðar



Birgir Örn
Guðjónsson

Ég sé nákvæmlega enga framtíð fyrir mannkynið með allt þetta yfirborðskennða unga fólk í dag. Allt ungt fólk í dag er gjörsamlega hömlulaust. Þegar ég var ungur var okkur sko kennt að haga okkur almennilega og bera virðingu fyrir fullorðnum, en unga fólk í dag er bara vitleysingar og ógáð lið.

Þessi orð hér fyrir ofan eru sko ekki mín orð. Þetta eru orð útlendinga sem hafði greinilega bilaðar áhyggjur af unga fólkinu. Og við skulum átta okkur á því að það unga fólk sem hann var að tala um var ekki með hryggsekkju og hálsríg út af stórhættulegri snjallsímanotkun. Nibb. Þessi orð eru heldur ekki tekin af einhverri fésbókarsíðu eða kommentakerfi. Þessi áhyggjufulli maður gekk um göturnar í Grikklandi í kringum 700 fyrir Krist. Það er frekar langt síðan sko. Þetta passaði samt allt hjá Hesiodi kallinum. Um tuttugu árum síðar leið mannkynið nefnilega undir lok. Endir.

Það er fullkomlega eðlilegt að hafa áhyggjur af kynslóðunum sem á eftir okkur koma. Fullkomlega eðlilegt! Það er svo eðlilegt að það hefur alltaf verið þannig. Saga kynslóðanna hljómar þannig að fyrst kemur kynslóð sem á að rústa heiminum þar til hún gerir það ekki og þá kemur önnur kynslóð sem á að gera það en gerir það samt ekki og svo koll af kalli þar til þú fæðist. Svo heldur sagan áfram.

Mín kynslóð var sjálfmiðuð videókynd kynslóð sem gerði víst lítið annað en að horfa á barnaefni um helgar á einhverri nýrri sjónvarpsstöð sem við þurftum nákvæmlega ekkert á að halda. Eins og það hafi ekki verið nóg að hafa eina stöð? Já, sveiattan bara! Þar að auki fór svo líka að vera sjónvarp á fimmtudögum og meira að segja á sumrin. Það var bara aldrei friður fyrir þessu æskugleypandi apparati. Hvenær áttu börn eiginlega að leika sér? Og til að bæta gráu ofan á svart þá fórum við að taka

okkur sjálf upp á handbærar vídeóupptökuvélar og horfa á okkur í sjónvarpinu! Ojbara, hvílik sjálfelska. Við félagarnir vorum mikið í því að horfa á okkur. Hvílikir egóistar sem við vorum. Einn góður vinur minn átti yngri bróður sem hékk stundum í kringum okkur og annað svona sjálfmiðuð videólið. Það eyðilagði greiðu drenginn. Með tímanum varð þetta að fíkn hjá honum. Eðlilega. Aumingja óharðnað barnið. Þetta heltók líf hans og seinna sókk hann svo djúpt að hann fór að gera heilu bíómyndirnar. Þetta var hann Baldvín Z. Aumingja drengurinn. Gjörsamlega einskis nýtur og stórhættulegur samfélaginu. Fjölskylda hans vonar örugglega enn að hann nái sér einhvern daginn og fari að gera eitthvað af viti. Eins og að grafa skurði eða veida fisk.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fylgjast með því sem börnin okkar eru að gera. Við eigum samt ekki að gera það í þeim tilgangi að finna nýjar sannanir fyrir eilífri glötun mannkyns. Það eru auðvitað ýmsar hættur sem leynast í þessum heimi samfélagsmiðla og snjalltækja og okkar hlutverk er að hjálpa krökkunum að sneiða fram hjá þessum hættum. Við gerum það samt ekki með því að hræða þau endalaust á hættulega úlfinum sem muni éta þau með húð og hári ef þau hætta sér inn í app-skóginn ógurlega. Þessir krakkar þurfa líka að læra að skilgreina sig ekki eftir fjölda læka. Það er mjög mikilvægt og við þurfum að kenna þeim það. Þetta er ekki auðvelt hlutverk sem við höfum en engu að síður mjög spennandi og það er algjör óþarfi að hræðast það.

Ég get lofað því að næsta kynslóð verður ekki eins og okkar. Sem betur fer, því slíkt myndi nefnilega þýða stöðun. Næsta kynslóð verða sennilega betri. Hún hefur fleiri tækifæri, opnari huga og meiri skilning á sífelld minnkandi heimi. Ef við viljum hafa áhrif á næstu kynslóð þá getum við samt hugsanlega reynt að haga okkur á þann hátt sem við viljum að hún hagi sér og séð hvort það virki. Ef við viljum að krakkarnir okkar hreyfi sig þá skulum við sjálf hreyfa okkur. Ef við viljum að þeir borði hollari mat þá skulum við sjálf borða hollari mat. Hvað varðar þetta tvennt þá eru góðu fréttirnar þær



Það er fullkomlega eðlilegt að hafa áhyggjur af kynslóðunum sem á eftir okkur koma. Fullkomlega eðlilegt! Það er svo eðlilegt að það hefur alltaf verið þannig.

að það er endalaust úrval af hreyfingu og íþróttum fyrir krakka og aðgengi að hollum matvörum var svo sannarlega ekki jafn gott þegar ég var ungur. Það eru meira að segja til hollustusyndibita-staðir „for crying out loud!“ (Já, ef við viljum að börnin okkar hætta að sletta þá skulum við sjálf hætta að sletta.) Ef við viljum að næsta kynslóð virði okkur og okkar viðmið þá skulum við virða hana og hennar viðmið!

Og svo eru það þessi stórhættulegu og margumtöluðu snjalltæki. Þetta sem allt virðist snúast um í dag og svo margir virðast óttast. Ástæðan fyrir því er hugsanlega sú að þessi frábæru nettengdu tæki eru sennilega ein magnaðasta uppfinning síðari ára og rúmlega það. Ef við viljum að krakkarnir okkar hætta að nota þessi tæki þá skulum við sjálf bara hætta því. Einfalt, ekki satt? Ég verð samt að viðurkenna að sjálfur treysti ég mér ekki til þess og ég hef í raun ekki áhuga á því. Því væri frekar fánánlegt af mér að gera þá kröfu til krakkanna minna. Ég get sett þeim ramma, reglur og annað slíkt en ég á ekki að nálgast nútímann eins og stórhættulegt fyrirbæri sem mun tortíma mannkyninu.

Lífið heldur áfram og mannkynið mun halda áfram að þróa eins og það hefur alltaf gert. Ungu kynslóðin í dag stendur frammi fyrir ótrúlegum tækifærum og hún á eftir að gera hluti sem við getum ekki látið okkur dreyma um. Við höfum val um að fylgjast tortryggin með, muldrandi reglulega „sveiattan“ með krosslagðar hendur, eða vera með í för og hvetja krakkana okkar til góðra verka með opnum hug og trú á þeim sjálfum og þeirra eigin framtíð. „Log out.“

SAMSUNG

JANÚAR

STORRMIÐ

KU6175

40" **KR. 89.900,-**

49" **KR. 99.900,-**

55" **KR. 139.900,-**

65" **KR. 219.900,-**

SAMSUNG

Curved

ULTRA HD

THIS IS TV

SAMSUNG EKTA UHD 4K TV




Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49" eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

FULL BÚÐ AF TILBOÐSVÖRUM - Kæliskápar - Upphvottavélar - Þvottavélar - Þurkarar - Frystiskápar - Sjónvörp - Hljómtæki

ecobubble
þvottavélar

Við seljum eingöngu
SAMSUNG
með kolalausum mótör
með 10 ára ábyrgð



SAMSUNG WF70
7 kg. 1400 sn.
Verð nú: 67.900,-

KU6405



UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

43" kr. 99.900,- / 49" kr. 119.900,- / 55" kr. 149.900,- / 65" kr. 269.900,-

KU6505



UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

49" kr. 119.900,- / 55" kr. 159.900,- / 65" kr. 289.900,-



Kælir - frystir 178cm

RB29FSRNDWW

178 cm skápur. 192+98 ltr.

Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

Hvítur eða stál.

Kr. 79.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800 • ormsson.is

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 • SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------	--

Skallaprinsinn af White Hart Lane stöðvaði sigurgöngu Chelsea



Tvenna í þremur leikjum í röð Hinn tvítugi Dele Alli skoraði bæði mörk Tottenham-liðsins í 2-0 sigri á toppliði Chelsea á White Hart Lane í gær og hefur strákurinn þar með skorað tvö mörk í þremur leikjum í röð í ensku úrvalsdeildinni og alls sjö mörk í síðustu fjórum leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni. Hér sést Dele Alli skora seinna skallamarkið sitt í gær en Daninn Christian Eriksen lagði upp bæði mörkin hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Tottenham - Chelsea 2-0

1-0 Dele Alli (45.+2), 2-0 Dele Alli (54.). Þrettán leikja sigurganga Chelsea er á enda en þetta var fyrsta tapið síðan 24. september.

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Chelsea	20	16	1	3	42-15	49
Liverpool	20	13	5	2	48-23	44
Tottenham	20	12	6	2	39-14	42
Man. City	20	13	3	4	41-22	42
Arsenal	20	12	5	3	44-22	41
Man. UTd	20	11	6	3	31-19	39
Everton	20	8	6	6	28-23	30
West Brom	20	8	5	7	28-24	29
Bournem.	20	7	4	9	29-34	25
Southamt.	20	6	6	8	19-25	24
Stoke City	20	6	6	8	24-32	24
Burnley	20	7	2	11	22-31	23
West Ham	20	6	4	10	23-35	22
Watford	20	6	4	10	23-36	22
Leicester	20	5	6	9	24-31	21
Middlesbr.	20	4	7	9	17-22	19
Cry. Palace	20	4	4	12	30-37	16
Sunderland	20	4	3	13	19-37	15
Swansea	20	4	3	13	23-45	15
Hull City	20	3	4	13	17-44	13

UPPLÝSINGAR SÓTTAR TIL ÞJÁLFAFA Í FÓTBOLTANUM

Andri Steinn Birgisson, fyrrverandi þjálfari 3. deildarliðs Þróttar í Vogum, segir að reglulega hafi hann verið inntur eftir upplýsingum um stöðu liðsins og heilsufar leikmanna. Er það gert í því skyni að afla sér upplýsinga sem nýtast fyrir veðmálastarfsemi í tengslum við íslenska knattspyrnuleiki. „Ég held að flestir þjálfarar lendi í þessu, sérstaklega í neðri deildunum. Ég veit svo sem ekki hvernig þetta er hjá stóru klúbbunum,“ sagði Andri Steinn við íþróttadeild. Íslensk rannsókn leiddi í ljós að 12,9 prósent leikmanna á Íslandi hafi verið innt eftir upplýsingum um eigið lið af erlendum veðmála-fyrirtækjum. Nánar má lesa um þessi mál á íþróttavef Visis.

STRÁKARNIR HAFNA EKKI TAPAD FYRIR EGYPTUM Í NÍU ÁR

Íslenska handboltalandsliðið hefur í dag keppni á Bygma Cup æfingamótinu í Danmörku. Fyrsti leikur liðsins er á móti Egyptalandsliðinu klukkan 17.00 að íslenskum tíma. Egyptar eru að undirbúa sig fyrir HM í Frakklandi eins og íslenska liðið og mæta þar meðal annars tveimur landsliðum undir stjórn Íslendinga (Danmörku og Svíþjóð). Íslenska landsliðið hefur unnið tvo síðustu leiki sína á móti Egyptalandsliði og ekki tapað fyrir þeim í tæp níu ár eða síðan í síðasta undirbúningsleik sínum fyrir Ólympíuleikana ógleymanlegu í Peking 2008. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 13 mörk í síðasta leik sínum á móti Egyptalandsliði sem var á HM í Katar 2015.

Í dag

19.05 Keflavík - Njarðvík Sport
23.00 Tourn. of Champions Golfst.

19.15 Stjarnan - Þór Ak. Ásgarður
19.15 Keflavík - Njarðvík Keflavík
19.15 Skallagr. - Haukar Borgarnes
19.15 Snæfell - ÍR Stykkish.

Þriggja hesta kapphlaup

Domino's-deild karla í körfubolta fer aftur af stað eftir jólafrí í kvöld. Hún hefst með látum með Suðurnesja-slag. Kristinn G. Friðriksson, sérfræðingur íþróttadeildar 365, fer yfir seinni hlutann fyrir Fréttablaðið.

KÖRFUBOLTI „Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að Tindastóll gerði rétt með að skipta um þjálfara og fá sér annan útlending. Það eru Stólarnir búnir að sýna með því að vinna fimm leiki í röð og vera í efsta sætinu um jólni,“ segir Kristinn G. Friðriksson, fyrrverandi landsliðsmaður og sérfræðingur íþróttadeildar 365 um Domino's-deild karla í körfubolta, sem fer aftur af stað á nýju ári í kvöld.

Stólarnir voru búnir að ná fjórum sigrum og tapa tveimur leikjum þegar þeir skiptu út Joe Costa fyrir Israel Martin í þjálfarastólnum og fengu Bandaríkjamanninn Antonio Hester. Síðan hefur liðið ekki tapað leik. Það er allt annað að sjá það.

„Andrúmsloftið virðist líka hafa snarbreyst,“ segir Kristinn sem Fréttablaðið fékk til að horfa fram á veginn og rýna í seinni ellefu umferðirnar í deildinni áður en kemur að úrslitakeppninni.

„Þar sem andrúmsloftið hefur breyst svona mikið grunar mig að undirliggjandi hafi verið kergja og það er erfitt að spila í þannig umhverfi. Ég þekki það vel enda lenti ég í nokkrum þannig liðum. Þessar breytingar hafa leyst eitthvað úr læðingi þarna og það kæmi mér verulega á óvart, í raun yrði ég bara fyrir vonbrigðum, ef Stólarnir fara ekki alla leið í úrslit.“

KR bíður eftir Jóni Arnóri

Kristinn segir að þetta verði þriggja hesta kapphlaup að Íslandsmeistarititlinum á milli Tindastóls, Stjörnunnar og KR en tvö síðar-

nefndu liðin eru í öðru og þriðja sæti deildarinnar. „Þau ættu öll að fara í lokaúrslitin en þangað komast bara tvö. Það er svekkjandi því eitt liðið verður að heltast úr lestinni á endanum,“ segir Kristinn.

Stjarnan skipti út Bandaríkjamanninum Devon Austin fyrir nýjan bakvörð þar sem þeir hafa fengið styrk í kraftframherjastöðuna. Tímabilið ræðst á því hvað þessi nýi maður getur.

„Fyrir mér er þetta einfalt. Þessi gæi „meikar eða breikar“ tímabilið hjá Stjörnunni. Ef hann er nógu góður þá er liðið nógu gott til að verða Íslandsmeistari. Þetta er áhætta sem Stjarnan er að taka en það er bara gott því líf án áhættu er sorglegt. Það er bara að vonast eftir því að þessi nýi gaur sé betri en skuggamaðurinn sem var fyrir áramót.“

En hvað með KR? „Þeir eru ekki enn búnir að skipta um Kana og eru bara að bíða eftir Jóni Arnóri. Það finnst mér mistök hjá þeim. Þeir eiga að vera í stakk búnir til að vinna titilinn án Jóns og svo fá hann bara inn þegar hann kemur inn. KR vann titilinn ekkert rosalega sannfærandi í fyrra og er núna án Craions þannig að mér finnst þetta viðhorf ekki nógu gott,“ segir Kristinn.

Nýliðarnir dala

Grindavík er í fjórða sæti og þar telur Kristinn að liðið verði eftir 22 umferðir. Engin breyting verður á efstu fjórum en Haukarnir eiga eftir að koma upp á meðan nýliðarnir munu lenda í erfðileikum.

Tólfta umferðin:

Í dag:

19.15 Keflavík - Njarðvík
Stöð 2 Sport HD
19.15 Stjarnan - Þór Ak.
19.15 Skallagrímur - Haukar
19.15 Snæfell - ÍR

Á morgun:

19.15 Þór Þ. - Grindavík
20.00 Tindastóll - KR
Stöð 2 Sport HD
22.00 Domino's-Körfuboltakvöld
Stöð 2 Sport HD

„Skallagrímur er búinn að vinna nokkra leiki án þess að vera að spila eitthvað rosalega vel. Skallarnir treysta svolítið á gamla menn eins og Magga Gunn og Darrell Flake sem er ekki nógu gott. Þeir munu dala verulega og Þór frá Akureyri missir flugið, held ég. Þorlákshafnar-Þórsarar og Haukar fara að vinna leiki og verða sterkari núna í seinni hlutanum,“ segir Kristinn.

Jákvæðara en erfitt hjá Njarðvík Stórlíð Njarðvíkur er í fallsæti eftir fyrri hlutann sem er fáheyrnt og óþodlegt þar á bæ. Daniel Guðni Guðmundsson, þjálfari liðsins, þarf ekki lengur að vera með Bonneau-drauginn svífandi yfir sér því liðið er búit að fá Myron Dempsey sem áður spilaði með Tindastóli.

„Danni er kominn með liðið sem hann fær þannig að hann þarf ekkert að vesenast í því lengur. Það er algjörlega fráleitt að halda að þetta



Þeir eiga að vera í stakk búnir til að vinna titilinn án Jóns og svo fá hann bara inn þegar hann kemur inn.

Kristinn G. Friðriksson, sérfræðingur 365 um Domino's-deildina



2.826

Dagar síðan Jón Arnór Stefánsson spilaði síðast í efstu deild á Íslandi en búist er við endurkomu hans í KR-liðið á móti Tindastóli annað kvöld.

lið núna sé ekki betra en það sem spilaði fyrir áramót,“ segir Kristinn en fljúga þeir grænu þá inn í úrslitakeppnina?

„Þeir munu þurfa að hafa fyrir því að komast í úrslitakeppnina ef það verður rétt hjá mér að Haukarnir fari á flug. Þetta verður erfitt hjá Njarðvík en liðið ætti að komast í úrslitakeppnina með þessu nýja blóði,“ segir Kristinn G. Friðriksson. tomas@365.is





Geir Þorsteinsson hefur verið formaður KSÍ frá árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Geir stígur til hliðar sem formaður KSÍ

FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson tilkynnti í gær að hann muni ekki bjóða sig fram til formannsembættis Knattspyrnusambands Íslands. Hann hefur gegnt embættinu í tíu ár og starfað linnulaust hjá KSÍ undanfarnin 24 ár.

„Þetta hefur verið langur tími og starfið krefjandi og slítandi. Maður þarf að vera sannfærður um að hafa kraft og dug til að takast á við þau verkefni sem eru fram undan,“ sagði Geir í samtali við íþróttadeild í gær.

Geir fékk mótframboð seint á síðasta ári þegar Guðni Bergsson,

fyrirverandi landsliðsfyrirliði, tilkynnti framboð sitt. Þá er Björn Einarsson, formaður Vikings, einnig að ihuga framboð.

Geir segir að sú umræða hafi vakið hann til umhugsunar. „Ég átti ekki von á [mótframboði] eftir gott gengi en þannig er það bara. Þess vegna lagðist ég undir feld á milli jóla og áramóta og hugsaði minn gang. Hvað væri rétt að gera, bæði fyrir mig og KSÍ.“

Hann segir að almenn umræða hafi verið í knattspyrnuhreyfingunni um að takmarka setu þeirra sem gegna forystuhlutverkum. Það

hafi haft sitt að segja. Geir er þó með opinn hug fyrir því að halda framboði sínu til stjórnar Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, til streitu.

„Ef stjórn KSÍ vill það og FIFA og UEFA gefa sitt leyfi til þess þá er ég tilbúinn til þess,“ segir Geir sem segist hafa fengið sterk viðbrögð við ákvörðun sinni.

„Það var pressa á mér að halda áfram og ég er að valda mörgum vonbrigðum. En ég verð að vera sáttur við mína ákvörðun sjálfur og ég tel að þetta sé góður tímamunktur til að stíga til hliðar.“ – esá



Logi Gunnarsson sækir hér að Brynjari Þór Björnssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Logi með einu stigi meira en Brynjar Þór

KÖRFUBOLTI Seinni umferð Domino's-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld en hér fyrir neðan má sjá hvaða bandarísku og íslensku leikmenn sköruðu fram úr í tölfræðinni í fyrstu ellefu umferðum tímabilsins.

Logi Gunnarsson, fyrirliði Njarðvíkur, var stigahæsti íslenski leikmaðurinn í fyrri hlutanum en hann skoraði þó bara einu stigi meira en Brynjar Þór Björnsson, fyrirliði KR.

Flest stig í leik

Bandaríkjamenn

1. Amin Stevens, Keflavík 31,1
2. Sherrod Wright, Haukar 29,7
3. Tobin Carberry, Þór Þ. 27,4
3. Flenard Whitfield, Skallagrímur 27,4

Íslendingar

1. Logi Gunnarsson, Njarðvík 18,8
2. Brynjar Þór Björnsson, KR 18,7
3. Darrel Keith Lewis, Þór Ak. 18,3
4. Hlynur Bæringsson, Stjarnan 17,6
4. Justin Shouse, Stjarnan 17,6
6. Pétur Rúnar Birgisson, Tindast. 17,3

Flest fráköst í leik

Bandaríkjamenn

1. Amin Khalil Stevens, Keflavík 14,8
2. Flenard Whitfield, Skallagrímur 14,2
3. Sefton Barrett, Snæfell 11,3
4. Sherrod Nigel Wright, Haukar 10,9
5. Tobin Carberry, Þór Þ. 10,5

Íslendingar

1. Hlynur Bæringsson, Stjarnan 12,3
2. Ómar Örn Sævarsson, Grindavík 9,3
3. Pavel Ermolinskij, KR 8,0
4. Ólafur Ólafsson, Grindavík 7,9
5. Darrel Keith Lewis, Þór Ak. 7,6
6. Sigurður Á. Þorvaldsson, KR 7,55

Flestar stoðsendingar í leik

Bandaríkjamenn

1. Lewis Clinch Jr., Grindavík 6,0
2. Sherrod Wright, Haukar 4,4
3. Tobin Carberry, Þór Þ. 4,2

Íslendingar

1. Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll 7,1
2. Pavel Ermolinskij, KR 6,5
3. Emil Barja, Haukar 5,7
4. Hörður Axel Vilhjálmss., Keflavík 5,2
5. Justin Shouse, Stjarnan 5,1

Hæsta framlag í leik

Bandaríkjamenn

1. Amin Khalil Stevens, Keflavík 38,9
2. Flenard Whitfield, Skallagrímur 31,6
3. Tobin Carberry, Þór Þ. 31,4
4. Sherrod Nigel Wright, Haukar 28,6

Íslendingar

1. Hlynur Bæringsson, Stjarnan 26,2
2. Darrel Keith Lewis, Þór Ak. 20,3
3. Justin Shouse, Stjarnan 18,1
4. Brynjar Þór Björnsson, KR 17,9
4. Darri Hilmarsson, KR 17,9
6. Pétur Rúnar Birgisson, Tindast. 17,8

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Nicotinell

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?



Nicotinell Classic/Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spærmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur níkótín. Til meðferðar á tobaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 1531** Klemens páfi sjöundi bannar Hinriki áttunda Englandskonungi að giftast aftur.
- 1848** Franskir skipbrotsmenn koma að landi í Breiðdal eftir mikla hrakninga á hafi.
- 1859** Fyrsta gufuskiðið siglir.
- 1909** Kólumbía viðurkennir sjálfstæði Panama.
- 1920** Boston Red Sox selur Babe Ruth til New York Yankees.
- 1931** Fyrsta barnið fæðist á Landspítalanum sem tekinn var í notkun tveimur vikum áður.
- 1946** Frumsýnd fyrsta íslenska kvikmyndin með tónum, tali og „eðlilegum litum“ um lýðveldishátiðna 17. júní 1944.

Elín hlaut bjartsýnisverðlaunin

Íslensku bjartsýnisverðlaunin eru árleg menningarverðlaun sem eiga sér langa sögu. Þau voru veitt í þritugasta og sjötta skipti á Kjarvalsstöðum annan janúar og forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti Elínu Hansdóttur myndlistarkonu verðlaunin.

„Þetta er að sjálfsgöðu mjög mikil viðurkenning, ekki síst vegna þess að það veitir ekki af því að minna samfélagið á vægi menningarinnar, það er alls ekki mikið um menningarverðlaun á Íslandi,“ segir Elín Hansdóttir myndlistarkona sem hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin annan janúar.

Í dómnefnd sátu frú Vigdís Finnbogadóttir, sem er formaður nefndarinnar, Rannveig Rist, Þórunn Sigurðardóttir og Örnólfur Thorsson. Íslensku bjartsýnisverðlaunin voru fyrst afhent árið 1981 og voru allt til ársins 1999 kennd við upphafsmann sinn, Danann Peter Brøste.

„Þau voru á sínum tíma stofnuð vegna þess að Brøste varð svo uppnuminn af því þegar Vigdís Finnbogadóttir varð forseti Íslands. Það var ekki síst mikið gleðiefni í mínu lífi að fá að hitta hana við afhendingu verðlaunanna, þar sem hún er mér mikil fyrirmynd og verður líklega alltaf ein stærsta fyrirmynd íslenskra kvenna,“ segir Elín.

